



SKOÐUN Finnur Árnason, forstjóri Haga, skrifar um verðlagningu á mjólkurafurðum. **14**



LÍFIÐ Hinsegin dagur hefjast í dag en dagskráin verður með breyttum áherslum í ár. **46**



SPORT Hrafnhildur Lúthersdóttir er komin í úrslit í 100 metra bringusundi á HM í Kazan í Rússlandi. **26**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Landmark leiðir þig heim!
Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Priðjudagur

4. ágúst 2015
180. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Góð viðbrögð björguðu

Viðbrögð flugmanns sem lenti í þoku yfir Tröllaskaga og brotlenti vél sinni á fjallstoppi í fyrra urðu til þess að ekki fór verr. Rannsóknarnefnd samgönguslysa varar flugmenn við vanmati. **2**

Segir borgina sýna yfirgang

Íbúar í Suðurhlíðum hafa margsinnis hringt á lögregluna vegna viðbyggingar við Klettaskóla. Sprungur hafa myndast í nærliggjandi húsum. Ekki hefur verið tekið tillit til tveggja kæra íbúa og undirskriftasöfnunar.

REYKJAVÍK „Það er erfitt að eiga við ofjarl eins og Reykjavíkurborg sem okkur finnst þverbrjóta stjórnsýslureglur,“ segir Hulda Arnljótsdóttir, íbúi í Beykihlíð. Hún og aðrir íbúar í hverfinu eru ósátt við breytt deiliskipulag við Klettaskóla sem eykur byggingamagn á svæðinu um 3.793 fermetra frá því sem nú er.

Klettaskóli, sem áður hét Öskjuhlíðarskóli, er grunnskóli fyrir nemendur með fatlanir og sérþarfir. Fyrirhugað er að byggja við skólann íþróttahús og tvær sundlaugar. Þá er gert ráð fyrir

viðbyggingu fyrir starfsfólk og félagsaðstöðu unglunga.

„Þessi bygging er alveg gríðarlega stór. Hæðirnar eru svo miklar og þetta er gríðarlegur massi,“ segir Hulda. Meðal annars er gert ráð fyrir byggingu á reitnum sem yrði nú metra há.

Hulda gagnrýnir það sem hún kallar sýndarsamráð um breytinguna. „Við fengum bréf 13. desember 2012, þar sem við erum boðuð á kynningarfund 19. desember og svo áttum við að skila athugasemdum 24. desember. Við fengum sem sagt tvo daga,

fimmtudag og föstudag helgina fyrir jól, til að skila inn athugasemdum. Það er fyrsta aðkoma íbúa að þessu.“

Að endingu voru gerðar breytingar í samræmi við athugasemdir íbúanna. „En það var bara í mýflugumynd. Mannvirkið var fært sex metra í burtu. Til að vera örugglega alveg ofan í lóðinni settu þeir samt í staðinn bílastæði. Í garðinum mínum get ég mögulega bara dottið ofan í bílastæði í halla,“ segir Hulda.

Sprengingar hófust á svæðinu, með takmörkuðu bygginga-



Við fengum sem sagt tvo daga, fimmtudag og föstudag helgina fyrir jól, til að skila inn athugasemdum.

Hulda Arnljótsdóttir

leyfi, þann 21. júlí síðastliðinn. Nú þegar hafa sprungur myndast í húsi Huldu. snæ / sjá síðu 12



Tekist á um lögleiðingu vændis

Aðalþing Amnesty International þarf að taka afstöðu til tillögu þess efnis að samtökin styðji við lögleiðingu vændis í heiminum. Íslandsdeild samtakanna hefur ekki tekið afstöðu um hvernig verður kosið. **4**

Gríska hlutabréfavisitalan féll

Hlutabréfavisitala Grikklands féll í gær er Kauphöllin var opnuð á ný. **10**



2 SÉRBLÖÐ Fasteignir | Fólk



FÆRÐUR HEIM Á NÝ Selirnir í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum kipptu sér lífið upp við að einn þeirra vantaði í gærmorgun. Sá hafði strokið og flúið á tjaldsvæðið í Laugardal þar sem lögregla gómaði hann eftir eltingaleik og fylgdi honum aftur heim. **8**

Sveitarfélög þurfa meiri fjármuni eigi að gera breytingar á leikskólanum: Vill börn fyrr inn á leikskólana

SAMFÉLAGSMÁL „Það er ljóst að dagforeldrarerfið stendur varla undir nafni sem kerfi heldur er þetta miklu frekar viðbragð samfélagsins til þess að leysa ástand sem er óþolandi,“ segir Svandís Svavarsdóttir, þingmaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Hún vill breyta því kerfi sem kallar á að foreldrar þurfi að brúa bilið á milli þess að fæðingarorlofi lýkur og þar til barn fær pláss á leikskóla með vistun hjá dagforeldri.

„Dagforeldrar eru mjög víða að vinna mjög góða vinnu. En það þarf að tryggja fagmennsku og öryggi þar sem börn eru annars vegar og það þarf að vera verkefni á ábyrgð samfélags-



SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR



HALLDÓR HALLDÓRSSON

ins að gera það,“ segir Svandís. Á dögnum kom út skýrsla á vegum menntamálaráðherra vegna þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi. Svandís flutti tillöguna á Alþingi

þar sem skýrslunnar var krafist. Í þingsályktuninni sem Svandís flutti segir að algengt sé að leikskólar sveitarfélaganna veiti börnum ekki viðtöku fyrr en þau eru orðin 18–24 mánaða gömul.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir það mat sitt að dagforeldrar hafi fyllt upp í bil sem sé mjög mikilvægt að fylla. „Ef Alþingi ákveður að gera leikskólann gjaldfrjálsan og/eða lækka inntökualdurinn þá er það ígildi verkefna. Þá er verið að stækka verkefni og það myndi þýða það að við yrðum að ræða fjármögnunina upp á nýtt,“ segir Halldór. „Aukið fjármagn þyrfti að koma frá ríkinu.“

- jhh / sjá síðu 8

SKÓLATÖLVUBLAÐ TÖLVULISTANS FYLGIR BLAÐINU Í DAG!

MESTA ÖRVAL LANDSINS AÐ FARTÖLVUM!

TÖLVU LISTINN

tl.is

Pinex® Smelt

Munndreifitöflur 250 mg

Actavis

VEÐUR



Norðaustan 8-18 m/s, hvassast SA-lands og á sunnanverðu Snæfellsnesi. Rigning á austanverðu landinu en skýjað með köflum V-til. Hiti 8 til 18 stig, hlýjast SV-lands.

SIÁ SÍÐU 20

Fangi á Litla-Hrauni kærði reglur fangelsisins um dagpeninga og segir þær andstæðar lögum og jafnræði: Fangar á Litla-Hrauni telja að brotið sé á þeim

FANGELSISMÁL Fangar á Litla-Hrauni telja að brotið sé á þeim með því að þeir fái ekki greidda dagpeninga sem þeim ber á fá samkvæmt lögum, nema þeir skrái sig inn til vinnu.

Einn fanganna kærði málið til Fangelsismálastofnunar. Í kærinni segir að um margra ára skeið hafi það tíðkast á Litla-Hrauni að sumir fangar þurfi að mæta og stimpla sig inn til vinnu til þess að eiga rétt á því að fá dagpeninga greidda. Fangar í öðrum fangels-

um þurfi ekki að stimpla sig inn til þess að eiga rétt á dagpeningum. Það fari gegn lögum um fangelsi og fangavist, en samkvæmt þeim skulu fanga ákvarðaðir dagpeningar ef hann er ekki settur til vinnu. Þetta fari gegn jafnræðisreglu.

„Ástæða þess að fangar á Litla-Hrauni þurfa að stimpla sig inn er sú að við reynum að halda lámarksvirkni. Fangar sem ekki nenna eða ekki geta unnið þurfa þá í það minnsta að fara á fætur og láta vita af sér,“ segir Páll Winkel

fangelsismálastjóri og bætir við að það sé öllum hollt að fara á fætur einu sinni á dag.

Páll segir að reglurnar eigi einungis við á Litla-Hrauni vegna þess að í hinum fangelsunum séu fangar ýmist í námi eða vinnu.

„Það reynir lítið á þetta í öðrum fangelsunum. Til þess að tryggja jafnræði væri þó hugsanlegt að breðgast við þessari kvörtun með því að taka þetta upp í hinum fangelsunum,“ segir Páll. „Það verður alveg skoðað.“

- ngy



LITLA-HRAUNI Í kærinni segir að fangar í öðrum fangelsunum en Litla-Hrauni þurfi ekki að stimpla sig inn til þess að eiga rétt á dagpeningum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÖL



FLÓÐ Þessir Pakistanar flúðu að heiman með rúm sín vegna flóða. NORDICPHOTOS/AFP

Miklar rigningar hafa haft áhrif á líf 800 þúsund Pakistanar: 118 hafa látist í monsúnflóðum

PAKISTAN Að minnsta kosti 118 hafa látist í miklum flóðum víðs vegar um Pakistan á síðustu vikum. Flóðin verða vegna monsúnrigningar. Þá hafa um 2.900 hús fallið saman við flóðin og um 800 þúsund Pakistanar þurft að yfirgefa heimili sín.

Héraðið Khyber Pakhtunkhwa í norðausturhluta Pakistans hefur orðið verst úti í flóðunum en þar hafa 59 íbúar látist. Pakistanski hluti Kasímírhéraðs hefur einnig orðið illa úti en þar hafa 22 íbúar látist hið minnsta.

- þea

Áfall á heimsmeistaramóti: Á sjúkrahúsi eftir fall af baki

SLYS Íslenski knapinn Agnar Snorri Stefánsson féll af baki á fyrsta degi heimsmeistaramóts íslenska hestsins sem nú fer fram í Herning í Danmörku.

Agnar, sem keppir fyrir Noreg, var að klára sýningu á 5 vetra hryssu, Hind frá Stall Ellingseter, þegar atvikið átti sér stað. Talið er að ístaðsól hafi slitnað þegar hann var að hægja niður ferðina af stökki með þeim afleiðingum að Agnar féll af baki og lenti á nálægu grindverki.

- sój

Bíræfinn birkiþjófnður: Plöntur grafnar upp og stolið

LÖGREGLUMÁL Um 60 birkiplöntum hefur verið stolið úr landi Rjúpnavalla í Landsveit, upp undir Heklu. Björn Halldórsson á jörðina, en plönturnar voru gróðursettar fyrir tíu árum og eru um einn til einn og hálfur metri á hæð.

Anna Kristín Björnsdóttir, dóttir Björns, segir sjö plöntum hafa verið stolið í fyrra og enn fleiri nú, alls 60. „Okkur finnst þetta hreinn þjófnður og sorglegt að fólk leggist svona lágt að stela trjám sem aðrir hafa lagt vinnu í að gróðursetja.“ Lögreglan rannsakar málið.

- mhh

Slapp með skrekkinn í flugvél á fjallstoppi

Viðbrögð flugmanns sem lenti í þoku yfir Tröllaskaga í fyrra og brotlenti vél sinni á fjallstoppi urðu til þess að ekki fór verr segir rannsóknarnefnd samgönguslysa. Nefndin varar flugmenn véla án blindflugsbúnaðar við að vanmeta aðstæður.

FLUGMÁL Flugmaður sem brotlenti eins hreyfils vél á snæþöktum toppi fjallsins Fláa á Tröllaskaga í júní í fyrra vanmat aðstæður til blindflugs. Þetta segir í niðurstöðu rannsóknarnefndar samgönguslysa.

TF-KAJ var flogið frá Akureyrarflugvelli 22. júní í fyrra. Hugðist flugmaðurinn sem var einn um borð fljúga að Miklavatni í Fljótum og lenda þar.

„Þegar flugmaðurinn nágaðist Þorvaldsdal sá hann að þoku bakki var í dalnum sem virtist rísa upp og nálgast hann. Hann ákvað því að snúa við. Þegar hann hafði tekið um 90° beygju til vinstri (til suðvesturs) kom þokan snögglega yfir hann og sá hann ekki lengur til jarðar,“ segir í skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Flugmaðurinn hafi þá hætt við beygjuna og reynt að halda flugvélinni láréttri og lækka flugið.

„Stuttu seinna skall flugvélin á snæviþöktum toppi Fláa og kastaðist upp á ný. Flugmaðurinn dró þá aflið af hreyflinum, togaði stýrið að sér til fulls og flugvélin lenti. Samkvæmt upplýsingum frá flugmanninum stöðvaðist flugvélin um það bil 200 metrum eftir að hún snerti fyrst snjóinn.“ Flugmanninn sakaði ekki en hjólabúnaður og loftskrufa skemmdust.

Rannsóknarnefndin segir að miðað við þær veðurupplýsingar sem lágu fyrir um skýjahæðina, sem hafi verið um þrjú þúsund fet, hafi „verið vafasamt að fljúga samkvæmt sjónflugreglum yfir fjalllendi sem liggur í svipaðri hæð“.

Fram kemur að í útgefni veðurspá hafi sjónflugsskýrði



TF-KAJ Fjörutíu ára eins hreyfils flugvél af Piper-gerð endaði á fjallstoppi á Tröllaskaga. MYND/RANNSÓKNARNEFND SAMGÖNGUSLYSA



HEPPILEG LENDING Rannsóknarnefnd telur að sú ákvörðun flugmannsins að hætta við beygju og halda flugvélinni láréttri um leið og hann lækkaði flugið hafi orðið til þess að ekki fór verr.

MYND/RANNSÓKNARNEFND SAMGÖNGUSLYSA



TRÖLLASKAGI Flugleiðin frá Akureyrarflugvelli.

Um flugmanninn segir að hann hafi verið 49 ára atvinnuflugmaður með yfir fimmtán þúsund klukkustunda flugreynslu, þó aðeins 70 tíma á þessa tilteknu flugvélartegund. Leggur rannsóknarnefndin „áherslu á að flugmenn, og þá sérstaklega þeir sem hafa mikla blindflugsreynslu, vanmeti ekki þær aðstæður sem geta skapast í sjónflugi á flugvélum sem ekki eru útbúnar til blindflugs.“

gar@frettabladid.is

Bandalagið gegn Íslamska ríkinu hefur varpað 17.000 sprengjum úr lofti: Allt að 1.247 féllu í loftárásum

STRÍÐ Á milli 489 og 1.247 almennir borgarar hafa fallið í loftárásum Bandaríkjahers og herja bandamanna þeirra á Íslamska ríkið. Þetta kemur fram í úttekt hóps blaðamanna sem kallar sig Airwars. Hópurinn hefur tekið saman og birt tölfræði um loftárásirnar, sem nú hafa staðið yfir í eitt ár.

Mannfallið varð í 140 loftárásunum en bandalagið gegn Íslamska ríkinu viðurkennir einungis fall tveggja almennra borgara. Samtals eru loftárásir bandalagsins rúmlega 5.700 talsins og hafa í þeim fallið um 17.000 sprengjur.

„Herferðin er sú nákvæmasta og agaðasta í sögu lofthernaðar,“ sagði John Hesterman yfirhershöfðingi.

Verkefnisstjóri Airwars, Chris Woods, er hins vegar ekki sammála Hesterman. „Áherslan á nákvæmni hefur ekki skilað sér á jörðu niðri að okkar mati,“ sagði Woods við fréttastofu Guardian. Í yfirlýsingu Airwars segir að misræmi milli mannfalls sem bandalagið viðurkennir og þess sem sést á jörðu niðri sé áhyggjuefni. Bandalagið ætla hins vegar ekki að rannsaka mannfall nema efnisleg sönnunargögn séu fyrir hendi.



FÓRNARLÖMB Almennir borgarar forða sér úr rústum húss sem varð fyrir loftárás í sýrlenska bænum Douma. NORDICPHOTOS/AFP

Sahr Muhamadally, baráttumaður fyrir réttindum almennra borgara í stríðinu, segir að rannsókn þurfi öll tilfelli mannfalls meðal almennra borgara sem greint er frá, hvort sem sönnunargögn séu fyrir hendi eður ei.

- þea

Ókeypis heyrnarmæling síðan 2004

Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **First** heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Pantaðu ókeypis heyrnarmælingu í síma 568 7777 og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

heyrnarstodin.is **HEYRNARSTÖÐIN**

Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrri stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc., skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.



1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 3 mán.
fylgir.

iPhone 5s 16GB

99.990 kr. stgr.

5.990 kr. /18 mán.



1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 6 mán.
fylgir.

iPhone 6 16GB

124.990 kr. stgr.

7.590 kr. /18 mán.

64GB 134.990 kr. stgr.



1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 12 mán.
fylgir.


iPhone 6 Plus 16GB

134.990 kr. stgr.

8.190 kr. /18 mán.

64GB 154.990 kr. stgr.

SJÓÐHEITIR HJÁ NOVA



1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 3 mán.
fylgir.

TILBOÐ!
15.000 kr.
afsláttur

Samsung Galaxy S5 16GB

69.990 kr. stgr.

4.290 kr. /18 mán.

Venjulegt verð: 84.990 kr. stgr.



1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 6 mán.
fylgir.

Samsung Galaxy S6 32GB

109.990 kr. stgr.

6.690 kr. /18 mán.

64GB 129.990 kr. stgr.



1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 12 mán.
fylgir.

Samsung Galaxy S6 Edge 32GB

134.990 kr. stgr.

8.190 kr. /18 mán.

64GB 154.990 kr. stgr.

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Upplýsingar um ÁHK á Nova.is.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lág múla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri.
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

SPURNING DAGSINS



Er þetta ekki skítamál?

Jú, það eru furðulega margir með allt á hreinu.

Bergur Benjamínsson, varaformaður Sjálfstjórnar, er ósáttur við að bæjarhátíðir á Íslandi bjóði ekki upp á salernisaðstöðu fyrir hreyfihamlaða. Hann segir líka þurfa að bóka stóran kamar ef maður bókar Stuðmenn.

Stella Briem Friðriksdóttir segir þrjár ókunnugar stelpur hafa ráðist á sig í Vestmannaeyjum í gær: Lamin á Þjóðhátíð fyrir að vera femínisti

LÖGREGLUMÁL „Þetta voru einhverjar stelpur, fullar, í dalnum sem vissu greinilega hver ég var,“ segir Stella Briem Friðriksdóttir, en hún varð fyrir líkamsárás á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum að faranótt gærdagsins.

Stella segir ástæðuna fyrir árásinni hafa verið þá að hún sé yfirlýstur femínisti.

Stella er formaður femínistafélags Verzlunarskóla Íslands og hefur verið virkur þátttakandi í samfélagsmiðlabyllingum það

sem af er ári, til dæmis #freethenipple og #þöggun.

Vinkona Stellu birti mynd af henni í kjölfar árásarinnar á samfélagsmiðlinum Twitter.

„Ég sat ásamt vinum mínum hjá hvítu tjöldunum þegar þær komu, þrjár saman, og voru eitt hvað að atast í okkur. Það hélt áfram í smástund þangað til orðið femínisti bar á góma. Ég reyndi að ræða við þær um það en þá sprakk allt í háaloft. Þær stukku á mig og ég lá í grasinu með þær

á mér,“ segir Stella. Hún þekkir enga af stelpunum sem á hana réðust.

Þegar blaðamaður náði af henni tali var hún enn stödd í Eyjum og á leið að fá áverkavottorð og að kæra árásina. „Ég ætla að kæra þetta, ekki spurning. Það kemur ekkert annað til greina. Maður á að kæra allt svona kjaftæði,“ segir Stella Briem.

FEMÍNISTI Stella Briem Friðriksdóttir var í bol sem á stóð „ekki nauðga“ á Þjóðhátíð.



MYND/STELLA BRIEM



HITI Palestínuskrákur kælir sig niður í vatnsrennibraut Palestínufloðamannaáðstoðar Sameinuðu þjóðanna.

NORDICPHOTOS/AFP

Hitinn fyrir botni Miðjarðarhafs hefur farið upp í 50 gráður: Kæla sig niður í hitabylgjunni

PALESTÍNA Palestínufloðamannaáðstoð Sameinuðu þjóðanna bauð palestínuskrákum börnum í Gazaborg í Palestínu upp á vatnsrennibrautir í gær til að kæla sig niður. Mikil hitabylgja ríður nú yfir svæðin fyrir botni Miðjarðarhafs. Hitinn á svæðinu hefur undanfarið farið hæst upp í fimmtíu gráður.

Orkuveita Ísraels hefur spáð því að rafmagnsnotkunarmet verði slegið til að kæla niður heimili Ísraels á svæðinu. Vegna lítills varforða rafmagns þykir því líklegt að Ísraelar muni á næstunni lifa við rafmagnsskort meðan hitabylgjan geisar.

- þea

Slys í verslun í Sjanghæ:

Rúllustigi í Kína gleypti fót

KÍNA Rúllustigi í verslun í kínversku borginni Sjanghæ gleypti fót húsvörðar. Þetta sést í myndbandi sem kínverska sjónvarpsstöðin Dragon TV birti í gær. Í myndbandinu sést húsvörðurinn renna með fótinn í op efst í rúllustiganum.

Maðurinn var fluttur á sjúkrahús en ekki var hægt að bjarga fæti hans, sem þurfti að skera af.

Slysið kemur einungis viku á eftir öðru rúllustigaslysi í Kína. Þá festust bæði kona og kornungur sonur hennar í rúllustiga. Konan náði að bjarga syni sínum en hún lést af áverkum sínum í kjölfarið.

- þea

För vélmennisins á enda:

Puttalingur í bútum í skurði

BANDARÍKIN Puttaferðalangurinn HitchBOT, vélmanni með þann sérstaka tilgang að ferðast um á puttanum, fannst sundurbútaður í skurði nærri Filadelfíu í Bandaríkjunum í gær. Áður hafði vélmannið ferðast um Kanada, Þýskaland og Holland.

Að sögn skapara vélmennisins hlakkaði það mikið til að komast í Disney World í Flórída, en þangað var förlinn heitið.

„Við erum mjög vonsviknir,“ sagði David Harris Smith, en hann og Frauke Zeller kalla sig „foreldra“ HitchBOT, sem hafði ferðast í gegn um þrjú fylki Bandaríkjanna.

- þea

Amnesty styðji við lögleiðingu vændis

Fyrir aðalþingi alþjóðasamtaka Amnesty liggur umdeild tillaga um að samtökin styðji við lögleiðingu vændis í heiminum. Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty segir íslensku samtökin ekki hafa tekið ákvörðun um hvernig verði kosið.

MANNRÉTTINDI Fyrir aðalþingi Amnesty International í Dyflinni í næstu viku liggja drög að stefnu-breytingu hreyfingarinnar sem miðar að því að Amnesty styðji lögleiðingu vændis víða um heim.

Tillagan er afar umdeild en fjöldi fulltrúa mannréttinda-hreyfinga og kvenréttindasamtaka hafa varað við henni og hafa meðal annars fengið til liðs við sig þungavigtarfolk í Hollywood til að andmæla málstað Amnesty. Þar á meðal eru leikkonurnar Lena Dunham, Kate Winslet, Meryl Streep og annað nafntogað fólk.

Íslandsdeild Amnesty sendir sína fulltrúa á aðalþingið en deildin hefur enn ekki tekið afstöðu til málsins.

„Eins og er komið fram þá liggur þetta fyrir og það sem við teljum mikilvægast er að hlusta á öll sjónarmið og taka okkar afstöðu á grundvelli mannréttinda þessa fólks sem þarna er um að ræða,“ segir Anna Lúðvíksdóttir framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty.

Hún segir mikilvægt að fólk setjist niður saman og taki yfirvegaða afstöðu til málsins. Enn sé vika til stefnu og fulltrúar Íslandsdeildarinnar muni fylgjast með öllum hliðum málsins fram að atkvæðagreiðslu. Breytingatillögur við tillöguna gætu til dæmis haft áhrif.

Í tillögu Amnesty er meðal annars lögð áhersla á að mannréttindi fólks sem starfar í kynlífsþjónustu séu varin, að barátta gegn mansali og kynbundnu ofbeldi verði eflid.

Í rökstuðningi sem fylgir tillögu Amnesty er því haldið fram að vís-



UMDEILD TILLAGA Tillaga Amnesty hefur vakið mikla reiði meðal mann- og kvenréttindasamtaka.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

bendingar séu um það að glæpa-væðing vændis sé líklegri til að skaða þann sem starfar í kynlífsþjónustu. Viðkomandi sé í meiri hættu á að verða fyrir áreiti og ofbeldi auk þess sem réttindi þeirra á borð við trygginga- og lífeyrismál eru óviðunandi.

Hóparnir og einstaklingarnir sem andmæla tillögu Amnesty hafa skrifað samtökunum bréf þar sem miklum vonbrigðum er lýst. Þeir sem skrifa undir bréfið eru sammála því að vernda verði réttindi þeirra sem starfa í kynlífsþjónaði en tillagan muni réttlæta tilvist hórmangara, vændis-húsa og verslunar með kynlíf. Í bréfinu benda þau jafnframt á að með lögleiðingu vændis í sumum Evrópuríkjum hafi eftirspurn aukist gríðarlega og mansal samhlíða því.



„Það sem við teljum mikilvægast er að hlusta á öll sjónarmið og taka okkar afstöðu á grundvelli mannréttinda.“

Anna Lúðvíksdóttir, frkvstj. Íslandsdeildar Amnesty.

Aðspurð um hvort málið umdeilda hafi skapað hita innan Amnesty á alþjóðavísu segir Anna að fólk muni ræða málið af yfirvegun.

„Á málefnum Amnesty hefur fólk mismunandi skoðanir og fólk ræðir þetta bara á rólegu nútunum,“ segir hún.

stefanrafn@frettabladid.is

Forseti Bandaríkjanna tilkynnti fyrirhugaðar aðgerðir sínar í loftslagsmálum: Obama berst gegn hnatthlýnun

BANDARÍKIN „Baráttan við loftslagsbreytingar mun vernda hagkerfi þjóðarinnar, stuðla að öryggi hennar og heilsu,“ sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti þegar hann kynnti fyrirhugaðar aðgerðir sínar í loftslagsmálum í gær. Áætlun forsetans miðar að minni útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Áætlun Obama kallast Clean Power Plan, eða áætlun um græna orku.

Áform forsetans urðu strax að pólitísku bitbeini þeirra sem sækjast eftir útnefningu annars vegar Demókrataflokkans og hins vegar Repúblikanaflokksins til forsetaframboðs, en kosið verður um eftirmann Obama í nóvember á næsta ári.

Áætlunin miðar að því að hafa dregið úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda um 32 prósent árið

2030, en útblásturinn hefur ekki verið meiri í 800.000 ár.

Frambjóðandaefni demókrata lofuðu áætlunina og sögðu hana góða leið til að takast á við loftslagsbreytingar. Frambjóðandaefni repúblikana, til dæmis Scott Walker, Jeb Bush og Marco Rubio, sögðu hana hins vegar til marks um of mikil ríkisafskipti sem muni draga úr sköpun nýrra starfa og hækka rafmagnsreikninga heimila. Walker sagðist ætla að draga lögin til baka yrði hann kosinn forseti. Þá sagði Bush hugmyndir forsetans afleitar fyrir almenning í Bandaríkjunum.

- þea

BARÁTTA Barack Obama ætlar að berjast gegn loftslagsbreytingum.

NORDICPHOTOS/AFP



KRONAN

Veldu einhverja 10 ávexti á ávaxtamarkaði Krónunnar og þú borgar...

ADEINS

40

kr.

STYKKIÐ

ef keypt eru 10 stk.

- annars 50 kr. stk.



BÍLL SEM SVARAR SPURNINGUM DAGSINS Í DAG



 3,4 l/100 km

 89 g/km



ÞARF AÐ VERA
SVONA DÝRT AÐ
REKA BÍL?



ER NAUÐSYNLEGT AÐ
MÆLABORÐIÐ SÉ
FULLT AF TÖKKUM?



ÞARF MAÐUR AÐ
SÆTTA SIG VIÐ
SKELLUR OG RISPUR?

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

VERÐ FRÁ EINUNGIS 2.690.000 KR.

CITROËN C4 CACTUS

Hvernig get ég eignast og rekið nýjan bíl? Hvers vegna er ekki framleiddur léttari og sparneytnari bíll? Er ekki hægt að vernda hurðirnar gegn rispum og skellum? Af hverju getur mælaborðið ekki verið notendavænna og stílhreinna? Öllum þessum spurningum er svarað með nýja Citroën C4 Cactus. Hugmyndafræðin að baki nýja C4 Cactus er bylting í hönnun bíla. Ekkert þrjál, einungis hlutir sem skipta máli í dag. Hagnýt og djörf hönnun, einfaldleiki og lágt verð. C4 Cactus hefur svörin.

Velkomin í reynsluakstur

15 ára afmæli
Citroën og Brimborg



Öruggur staður til að vera á

Skoðaðu citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



CITROËN

VEISTU SVARIÐ?



- 1 Í hvaða bæjarfélagi stendur til að endurvekja starfsemi blóma- og sölu-skálans Eden?
- 2 Hvaða afmæli fagnar Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn nú um mundir?
- 3 Hvernig fór leikur ensku knattspyrnuliðanna Arsenal og Chelsea um Samfélagsskjöldinn?

SVÖR:

1. Hveragerði 2. 25 ára 3. Arsenal vann 1-1

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin lýsir yfir hrifningu sinni á uppgötvun sem hefur virkað í 100% tilfella: Bóluefni gegn ebólu vekur aðdáun WHO

HEILSA „Með svona háa virkni ættu öll lönd sem ebóla hrjáir að hefja umfangsmiklar bólusetningar strax,“ segir lækurinn Bertrand Draguez um niðurstöður rannsókna sem birtust í lækningaritinu Lancet í gær. Rannsóknarefnið er nýtt bóluefni gegn ebóluveirunni sem hefur til þessa virkað fullkomlega og valdið algjöru ónæmi bólusettra fyrir veirunni.

Rannsóknin hófst hjá heilbrigðisstofnun Kanada og hélt áfram í samstarfi við lyfjaframleiðandann Merck. Bóluefnið inniheldur hluta ebóluveirunnar í bland við aðra öruggari veiru til að gera líkamann ónæman fyrir veirunni. Tilraun fór fram í Gíneu þar sem sjúklingur

hafði greinst með ebólu. Vinir hans, nágrennar og fjölskylda voru öll bólusett og ekkert þeirra sýktist.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, WHO, segir bóluefnið til þessa hafa virkað í 100% tilfella að öllu leyti. WHO setur þó þann fyrirvara að sú tala geti breyst við frekari söfnun gagna.

„Þetta lofar góðu. Við sjáum að þar sem bólusett hefur verið hefur enginn smitast,“ segir Marie-Paule Kieny, aðstoðarmaður forstjóra WHO. „Þetta gæti breytt öllu. Áður var ekkert til ráða, þrátt fyrir að sjúkdómurinn hafi uppgötvast fyrir heilum fjórum áratugum,“ bætti hún við.



SJÚKDÓMUR Ebóla hefur fellt þúsundir í Afríku undanfarin tvö ár en nýtt bóluefni gefur von. NORDICPHOTOS/AFP



FRAMBOD Mahmoud Ahmadinejad ætlar á fransþing. NORDICPHOTOS/AFP

Fyrirverandi forseti í baráttu: Ahmadinejad ætlar á þing

ÍRAN Mahmoud Ahmadinejad, fyrirverandi forseti Írans, hóf kosningabaráttu sína opinberlega í gær. Ahmadinejad býður sig fram til íranska þingsins, en kosningar fara fram í febrúar.

Ahadinejad gegndi embætti forseta Írans frá 2005 til ársins 2013, en þá tók Hassan Rouhani við af honum. Í forsetatíð sinni var Ahmadinejad mikill andstæðingur vesturlanda á meðan Rouhani er mun hófsamari.

„Ef guð lofar biður okkar sigur og björt framtíð. Hins vegar verða djöfullegar hindranir á vegi okkar,“ sagði forsetinn fyrirverandi við stuðningsmenn í gær. -pea

Sjaldséð aftaka á Indlandi: Indverjar tóku Memon af lífi

INDLAND Yfirvöld á Indlandi tóku Yakub Memon bókhaldara af lífi fyrir helgi. Memon var árið 2007 sakfelldur fyrir að hafa safnað fé til að knýja fram sprengjuárásir á Mumbai, fjölmennustu borg landsins, árið 1993. Þrettán sprengjur ollu þá dauða 257 manns.

Fólk flykktist út á götur undanfarna daga til að mótmæla aftökunni, sem var sú fimmta síðastliðin tuttugu ár. „Aftakan er ekki í nafni réttlætis. Hún er misbeiting réttarkerfisins,“ sagði Aakar Patel, formaður Amnesty International á Indlandi.

Memon var hengdur á afmælisdag sinn. -pea

Samkynhneigð hjón fá ekki skilnað því ákvæði vantar

Samkynhneigð hjón frá Rússlandi og Lettlandi fengu ekki skilnað hjá sýslumanni þrátt fyrir að hafa gift sig hér á landi. Hjónin geta ekki skilið í heimalöndum sínum því hjónabönd samkynhneigðra eru ekki viðurkennd þar.

SAMFÉLAG Samkynhneigð hjón frá Rússlandi og Lettlandi sem giftu sig hér á landi árið 2011 fá ekki skilnað hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu því lagaheimild skortir. Lára V. Júlíusdóttir, lögmaður hjónanna, segir engin lagaákvæði heimila skilnaði erlendrar ríkisborgara búsettra erlendis hér á landi. Þá fái hjónin heldur ekki skilnað í heimalöndum sínum þar sem hjónabönd samkynhneigðra séu ekki viðurkennd þar.

Lára bendir á að samkynhneigð erlend pör hafi verið hvött til að koma hingað til lands til að gifta sig þrátt fyrir að ekki hafa verið gert ráð fyrir í lögum að þau geti skilið.

„Samkynhneigðir eru að koma hingað til lands til að gifta sig en svo þegar kemur að skilnaði koma þau að lokuðum dyrum,“ segir hún.

Lára segist hafa reynt að vekja athygli stjórnvalda á málinu en talað fyrir daufum eyrum. „Ég er búin að skrifa Alþingi og innanríkisráðuneytinu bréf og tala sérstaklega við innanríkisráðherra og einhvern veginn yppa allir öxlum,“ segir Lára. Hún hafi einnig sent allsherjarnefnd Alþingis tillögu að lagabreytingu en fengið takmörkuð viðbrögð.

„Þetta er aðkallandi mál. Við getum ekkert verið að bjóða upp á þessa þjónustu og gefa okkur út fyrir að vera voða frjálslýnd ef sú víðsýni nær ekki lengra en þetta,“ segir hún.

Lára segir að samkvæmt lögum þurfi annar aðilinn í hjónabandi að hafa verið búsettur hér á landi í a.m.k. tvö ár séu báðir aðilar erlendir ríkisborgarar til að fá



GAY PRIDE Lára segir að það þýði lítið fyrir Íslendinga að gefa sig út fyrir frjálslýndi ef samkynhneigð hjón geti ekki skilið hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

skilnað samþykktan. Engin slík ákvæði gilda um hjónabönd þar sem báðir aðilarnir séu erlendir ríkisborgarar og búsettir erlendis.

Lára bendir á að gagnkynhneigð hjón geti fengið skilnað í sínu heimalandi. „En ef þú ert samkynhneigður og býrð í landi þar sem hjúskapur samkynhneigðra er ekki viðurkenndur getur þú náttúrulega ekki fengið skilnað,“ segir Lára.

Hugsað hafi verið fyrir þessu í lögum um staðfesta samvist. Þá hafi erlendir ríkisborgarar búsettir erlendis sem skráð hafi sig í staðfesta samvist hér á landi getað slitið samvistinni fyrir íslenskum

dómstólum. „Það kom ekkert samþættingu um að lagabreytinguna um að samkynhneigðir gætu gift sig,“ segir Lára.

Málinu verður stefnt fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur í haust að sögn Láru. „Dómstóllinn hefur ekki lagalegar heimildir til þess að taka við þessum málum. Þannig að annaðhvort vísar Héraðsdómur og Hæstiréttur þessu frá eða Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að þetta sé brot á mannréttindum,“ segir Lára. Fólk eigi rétt á að fá að gifta sig samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu og ætti því að fá að skilja. ingvar@frettabladid.is



Samkynhneigðir eru að koma hingað til lands til að gifta sig en svo þegar kemur að skilnaði koma þau að lokuðum dyrum.

Lára V. Júlíusdóttir, lögmaður

Lyfjaauglýsing

Viltu meðhöndla liðverkin án þess að taka töflur?

Prófaðu að meðhöndla liðverkina með Voltaren geli.

150g

50% meira magn!

Inniheldur 11,6 mg af diklófenakvetyláminu. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaiptu borði á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiddi í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Háfið samband við lækinn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetylalísílyru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða neðslímubólgu af völdum asetylalísílyru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota á handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á hella og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikili sólarljósi, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hlýja notkunarsvæði með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hættu á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á atælkum aukaverkunum, t.d. á nyru. Við brjóstgjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleytið hafi: Novartis Healthcare A/S. Umbóð á Íslandi: Aftanas ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

RISA TAX FREE
VIKA
4.-11. ÁGÚST

**TAX
FREE**

**TAX
FREE**

Allar ryksugur frá*
Electrolux
DOMO



**TAX
FREE**

Allar hrærivélar frá*
DOMO BOSCH
Electrolux



**TAX
FREE**

Allar þvottavélar,
þurrkarar og
uppvottavélar frá*

Electrolux **AEG**
SIEMENS BOSCH
ZANUSSI exquisit
DAEWOO

**TAX
FREE**

Öll smátæki frá*
Electrolux cloer
DOMO TRISTAR Tefal
BOSCH BRAUN



Allir ofnar, helluborð,
eldavélar, viftur og
örbylgjuofnar frá *

Electrolux **AEG**
ZANUSSI exquisit
SIEMENS

**TAX
FREE**



Öll kæli- og frystitæki frá*

Electrolux **AEG**
ZANUSSI exquisit
DAEWOO

**TAX
FREE**



**TAX
FREE**

*Við afnemum virðisaukaskatt af nær öllum vörum í eina viku.
Gildir ekki um vörur á tilboði, innréttingar og Kitchenaid.
Rafha stendur að sjálfsögðu skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Rafha og jafngildir 19,35% afsl.
Allar nánari upplýsingar á www.rafha.is.

Rafha ehf.

Opið
virka daga 9-18
laugardag 11-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

SVONA ERUM VIÐ



21% aukning varð á heildarveltu fyrir tækja á landinu frá 2008 til 2014.

Akhtar Mansour tekur við stjórnartaumunum af Mohammed Omar sem lést á dögnum:

Talíbanar hafa valið sér nýjan leiðtoga

AFGANISTAN „Eftir andlát Omars ræddu leiðtogaráðið og fræðimenn um íslam um málið og ákváðu að skipa náinn vin Omars, Akhtar Mansour, nýjan leiðtoga,“ segir í tilkynningu sem talíbanar í Afganistan sendu frá sér í gær.

Talíbanar hafa nú valið sér nýjan leiðtoga, Akhtar Mansour, eftir fráfall Mohammeds Omar. Afgönsk yfirvöld greindu frá andláti Omars fyrr í vikunni en hann hafði ekki sést í áráraðir.

Heimildir BBC úr innsta hring talíbana segja að valið hafi verið erfitt og fréttaritari BBC í Kabúl, Waheed Massoud, segir það hafa tekið margra daga rökræður að komast að niðurstöðu

í málinu. Niðurstaðan var langt frá því að vera einróma þar sem talíbanar skipast í tvær fylkingar. Annars vegar þá sem vilja friðarviðræður við ríkisstjórn Afganistans og hins vegar þá sem vilja ekki ræða við Afgana um frið.

Mansour er hlynntur viðræðum. Massoud segir hann hafa hlotið titilinn „æðsti leiðtogi“ en ekki „leiðtogi hinna trúföstu“ líkt og Omar.

Heimildir BBC herma enn fremur að nokkrir hátt settir Talíbanar séu mjög ósáttir við leiðtogavalið. Talið er að hinir ósáttu hafi frekar viljað sjá Yaqoob, son Omars, taka við taumunum. Þeir saka pakistanskan væng talíbana um að troða Mansour í embætti.



SUNDRUNG Talíbanar eru ekki sammála um leiðtogavalið. NORDICPHOTOS/AFP



AHTISAARI Mikið er um neikvæða umfjöllun um innflytjendur í Finnlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Finnar þurfa innflytjendur: Óttast um orðspor Finnlands

FINNLAND Martti Ahtisaari, fyrrverandi forseti Finnlands og nóbelsverðlaunahafi, segist óttast um orðspor Finnlands.

Ahtisaari sem hefur verið ötull talsmaður fjölmenningsstefnu óttast að neikvæð umræða um innflytjendamáli í Finnlandi skaði orðspor Finnlands.

Hann telur að stór hluti Finna sé að fara á eftirlaun á komandi árum og því sé eftirspurn eftir orkumiklu fólki til að vinna störf í landinu. Því eigi Finnar að taka innflytjendum fagnandi.

Aukin flugumferð í Keflavík: Icelandair umsvifamest

SAMGÖNGUR Í júlí fóru að jafnaði 65 áætlunarflug á dag frá Keflavík samkvæmt talningu Túrista. Flest flugfélögin bættu við sig ferðum milli ára en langmesta aukningin var hjá Icelandair sem bætti við sig 132 ferðum frá því í fyrra. Wow Air og Easy Jet bættu hlutfallslega mest við sig. Wow bætti við sig lítlegra 80 ferðum.

Þó ferðunum fjölgi og fleiri erlend félög bæti við ferðum til Íslands þá er staða íslensku flugfélaganna áfram mjög sterk á Keflavíkurlugvelli því í átta af hverjum tíu tilfellum eru það þotur merktar Icelandair eða WOW air sem taka á loft frá flugvælinum. Easy Jet er í þriðja sæti.

Koma í veg fyrir liðsauka: Rússar stofna ISIS-símalínu

RÚSSLAND Hjálparsími fyrir þá sem óttast að aðstandendur þeirra muni ferðast til Mið-Austurlanda og ganga til liðs við Íslamska ríkið hefur verið tekið í gagnið í Rússlandi.

Rússar munu nú geta hringt í sérstakt númer og talað um áhyggjur sínar við sálfræðing í síma. Að sögn stjórnvalda í Rússlandi berjast nú um tvö þúsund Rússar fyrir Íslamska ríkið.

Þá greindi lögregla í Rússlandi frá því að átta skæruliðar Íslamska ríkisins í norðurhluta Kákasusfjalla hefðu verið felldir í síðustu viku.

Segir dagforeldrakerfið leið til að leysa óþolandi ástand

Pingmaður segir dagforeldrakerfið ekki rísa undir nafni sem kerfi, heldur sé það viðbragð við óþolandi ástandi. Formaður Sambands Íslenskra Sveitarfélaga segir að ef gera eigi breytingar á leikskólum þurfi peninga frá ríki.

SAMFÉLAGSMÁL „Það er ljóst að dagforeldrakerfið stendur varla undir nafni sem kerfi heldur er þetta miklu frekar viðbragð samfélagsins til þess að leysa ástand sem er óþolandi,“ segir Svandís Svavarsdóttir, pingmaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Þar vísar hún til þess að í mörgum tilfellum er það tímabil sem líður milli þess að fæðingarorlofi lýkur og þar til barn fær pláss á leikskóla brúað með vistun hjá dagforeldri.

Á dögnum kom út ný skýrsla starfshóps á vegum menntamálaráðherra vegna þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi. Svandís flutti tillöguna á Alþingi þar sem skýrslunnar var krafist. „Dagforeldrar eru mjög víða að vinna mjög góða vinnu. En það þarf að tryggja fagmennsku og öryggi þar sem börn eru annars vegar og það þarf að vera verkefni á ábyrgð samfélagsins að gera það,“ segir hún.

Í þingsályktuninni sem Svandís flutti segir að algengt sé að leikskólur sveitarfélaganna veiti börnum ekki viðtöku fyrr en þau eru orðin 18–24 mánaða gömul. Foreldrar og forráðamenn ungabarna hafi því þurft að leita annarra leiða, sem oftast felast í því að vista börnin hjá dagmæðrum eða á einkareknum ungabarnaleikskólum.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands Íslenskra Sveitarfélaga, segir það mat sitt að dagforeldrar hafi fyllt upp í bil sem sé mjög mikilvægt að fylla. „Ef Alþingi ákveður að gera leikskólann gjaldfrjálsan og/eða lækka inntökualdurinn þá er það ígildi verkefna. Þá er verið að stækka verkefni og það myndi þýða það að við yrðum að ræða fjármögnunina upp á nýtt,“ segir Halldór.



LEIKSKÓLI Pingmaður VG segir ástandið vera óþolandi fyrir foreldra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



„Dagforeldrar eru mjög víða að vinna mjög góða vinnu. En það þarf að tryggja fagmennsku og öryggi þar sem börn eru annars vegar [...]“

Svandís Svavarsdóttir, pingmaður VG.

Aukið fjármagn þyrfti að koma frá ríkinu. Svandís segir að leikskólamáli-

in séu eitt af þeim stóru málum sem varði helst lífsskilyrði ungra fjölskyldna á Íslandi. „Þetta er það einstaka mál fyrir utan húsnæðismálin sem er brýnast að kippa í liðinn,“ segir Svandís. Hún segir það mjög mikilvægt að svona stórt mál strandi ekki á hefðbundinni tog-

streitu milli ríkis og sveitarfélaga. „Þetta á að vera hluti af hinu opinbera kerfi sem tryggir almennilegt utanumhald um barnafjölskyldur frá því að barnið fæðist og fleytir því inn í skóla-kerfið,“ segir Svandís.

jonhakon@frettabladid.is

Fyrstu árin háð mikilli óvissu

Próun dagvistunarmála barna eftir fæðingarorlof fram að skyldunámi í grunnskóla sýnir ótvírætt að faglegt leikskólustarf er sá kostur sem þykir eftirsóknarverðastur fyrir börn og foreldra og mætir best kröfum atvinnulífsins, segir í skýrslu starfshópsins. Miðað við núverandi aðstæður þá sé tímabilið frá lokum fæðingarorlofs þar til allfestum börnum á landinu er tryggð leikskólavist við tveggja ára aldur háð nokkurri óvissu. Sums staðar fá börn vist á leikskólum á fyrstu mánuðum eftir að fæðingarorlofi lýkur en annars staðar þurfi börn að bíða lengur. Aðstæður sveitarfélaga séu mjög mismunandi að þessu leyti.

Kópur strauk úr Húsdýragarðinum en var fangaður á tjaldsvæði eftir flóttu frá löngum armi laganna:

Lögreglan fann strokufanga í Laugardal

LÖGREGLUMÁL Kópur sem strokið hafði úr Fjölskyldu- og húsdýragarðinum var handsamaður á tjaldsvæðinu í Laugardal eftir flóttu frá lögreglumönnum. Ferðamenn sem voru á morgungöngu um tjaldsvæðið fundu kópin og tilkynntu fundinn til lögreglunnar.

Kópurinn virtist frelsinu feginn en hann reyndi sem mest hann gat að sleppa undan lögreglumönnum sem þó handsömuðu hann að lokum. Þá var kópnum skilað til síns heima á nýjan leik. Ekki þykir líklegt að kópnum verði hleypt í fleiri bæjarferðir á næstunni. Kópurinn var greinilega ekki hrifinn af tilbúðum lögreglumannanna en hann beit einn lögreglumannanna, sem leitaði sér síðan aðhlyningar á slysideild.



STROK Hér í gegn strauk selurinn. Mbl.is greindi frá því í gær að ekki væri hægt að fylla upp í gatið vegna sumarfrís starfsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ



RÓLEGIR Selirnir í garðinum kipptu sér líftíð upp við brotthvarf eins þeirra.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

ORMSSON

SPARIDAGAR

Eru byrjaðir!

Allar vörur á SPARIDÖGUM frá
AEG SAMSUNG Tefal Pioneer
ZANUSSI bodum BRAUN Nintendo Verbatim hama.
Tilboð • Afslættir • Verðlækkun

25%

AFSLÁTTUR

AEG

Kaffivélar, brauðristar, blandarar, töfrasprotar, hraðsuðukönnur, straujárn, ryksugur o.m.fl.

22%

AFSLÁTTUR

AEG

Þvottatæki, kæliskápar, ofnar, helluborð, víftur, gufugleypar, o.m.fl.

AEG veggofn


BE3002401-M stál
HT944 185 876

Stál með kjöthitameili / Fjölkerfa blástursofn með 8 aðgerðum / Auðveldur í þrifum / Rafeindaklukka / Hurð með stangarhaldi / Barnalæsing á hurð / Stórt ofngler / Þrefalt gler í ofnhurð - kaldari framhlið / Sökkhnappar / snertihnappar Kælivífta / Ljós í ofni: Halogen 40w / Orkunotkun: 3500w / 16A / Orkuflokkur A Tækjamál í mm: 594x594x567 (HxBxD) Innb.mál í mm: 590x560x550 (HxBxD) Fylgihlutir í ofni: Kjöthitameilir, 2 ofnskúffur/bökunarplötur, 1 ofngind.

Verð áður: 109.900,- kr



30%
AFSLÁTTUR



AEG helluborð

HK634000XB með stálkanti, 57cm.
HT949 595 118

Keramikhellur / Með stál ramma Snertirofar / Hægt að læsa helluborðinu / Barnalæsing / Tímastillir á öllum hellum Hellan slekkur á sér þegar völdum tíma er náð / „Automatic“ stilling: Fer á mesta hita, lækkar síðan niður á valdan hita / "Stop and Go" stilling: Lækkar og heldur heitu / Sjálfvirk öryggisslökkvun Eftirhitagaumljós Tækjamál í mm: 576x516x38 Innb.mál í mm: 560x490

Verð áður: 89.900,- kr

Saman í pakka kr. 139.800,- og þú sparar 60.000,-

22% AFSLÁTTUR

AEG
AEG uppþvottavél
 56302WO / HT911 546 089
 Gerð : Topplaus gerð undir borðplötu: H:82-87, B:60, D:60 / Orkunýtni : A+ / 2200W öryggi 10A / Þvottahæfni : A / Þurrkhæfni : A.
 Verð á Sparidögum:
 hvít: 77.922,- / stál: 85.722,-

bodum

Kaffitengdu vörurnar frá þessu listræna merki, hafa slegið í gegn

30% AFSLÁTTUR

Sjón er sögu ríkari

SAMSUNG

Glæsilegt 55" UHD sjónvarp frá Samsung með **50.000 kr.** afslætti

Beint eða bogið

Rétt verð: 320.000,-
Sparidagaverð: 270.000,-

BEKA

Pottar af öllum stærðum
 9, 11, 13,5, 16 og 19 ltr.

30% AFSLÁTTUR

Verð frá 5.593,-

Tefal Pottar og pönnur meistarans

Jamie Oliver Tefal

20% AFSLÁTTUR

new NINTENDO 3DS

Nintendo New 3DS

Rétt verð: 39.900,-
Sparidagaverð: 33.900,-

ZANUSSI

Þvottavélar
 Þurrkarar
 Uppþvottavélar
 Kæliskápar
 Eldavélar

20% AFSLÁTTUR

Toppværa á frábæru verði

SAMSUNG

Tvöfaldur kæliskápur
 RS7567THCSP

15% AFSLÁTTUR

Litur: Lakkað stál / Orkuflokkur: A+ / Orkunotkun: 458 kWst á ári / Klakavél / Heildarrými: 532 lítrar / Kælirými: 361 lítrar / Frystirými: 171 lítrar. / 4. stjörnu kælikerfi: Twin Cooling, aðskilin kælikerfi.

Verð á Sparidögum: 212.415,-

Pioneer X-CM32BT-K/R

30W (15W + 15W RMS) (8Ω) / Class D Magnari / 2-Way Bass-Reflex Hátalarar / MP3, WMA / AM/FM Útvarp m. 45 stöðva minni / Innbyggt Bluetooth

25% AFSLÁTTUR

Rétt verð: 39.900,-
Sparidagaverð: 29.900,-

ORMSSON
 Greiðslukjör
 Vaxtalaust í allt að 12 mánuði

Opið virka daga kl. 10 - 18 og laugardaga 11 - 15

levenhuk Gæða sjónaukar verð frá 3.990,-

25% AFSLÁTTUR

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK - EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
--------------------------------	--	------------------------------	----------------------------------	--------------------------------	-------------------------------	---	--	--	-------------------------------------	------------------------------------	------------------------------

Fatagámur til Hvíta-Rússlands: Senda út ellefu tonn af fötum

SAMFÉLAG Rauði krossinn á Íslandi hefur sent af stað fatagám til Hvíta-Rússlands sem inniheldur rúmlega ellefu tonn af fatnaði. Áfangastaðurinn er Grodno í vesturluta landsins þar sem mikil fátækt ríkir.

Áætlað er að um tólf þúsund skjólstaðingar komi til með að njóta góðs af sendingunni.

Rauði krossinn á Íslandi hefur átt náð samstarf við hvítrússneska Rauða krossinn og hefur sent sérvalinn fatnað þangað frá árinu 2012.

- ngy

Benigno Aquino lætur af störfum sem formaður Frjálslynda flokksins, Manuel Roxas mun taka við: Forseti Filippseyja útnefndur eftirmann sinn

FILIPPSEYJAR Benigno Aquino þriðji, forseti Filippseyja og formaður Frjálslynda flokksins, útnefndi Manuel Roxas innanríkisráðherra næsta formann flokksins. Aquino hefur nú setið á stóli forseta í fimm ár, en hverjum forseta er einungis heimilt að sitja eitt sex ára kjörtímabil.

Næstu kosningar fara fram í maí á næsta ári. Þá mun Roxas bjóða sig fram fyrir hönd frjálslyndra. Fréttaveitan Wall Street Journal segir Aquino taka áhættu með tilnefningu Roxas. Roxas mælist með mun minna fylgi en aðrir frambjóðendur. Í nýjustu könnun mælist Roxas með tíu prósent fylgi, en Grace Poe, sjálfstæður frambjóðandi, með þrjátíu.

Aquino tilnefndi Roxas í þeirri trú að hann sé rétti maðurinn til þess að halda áfram baráttunni gegn spillingu á Filippseyjum, en baráttufráfarandi ríkisstjórnar hefur eftir hagkerfi ríkisins.

Tilkynning Aquinos og Roxas fór fram í húsi Club Filipino, húsinu þar sem Roxas tilkynnti fyrir sex árum að hann myndi ekki bjóða sig fram til forseta heldur sitja hjá svo Aquino gæti gert það.

„Ég veit að starfið er í góðum höndum hjá Roxas,“ sagði Aquino við stuðningsmenn sína. „Hann mælist nú með lítið fylgi en það þýðir bara að við þurfum að herða baráttuna.“ - þea



HÆTTIR Benigno Aquino kveður forsetaembættið á næsta ári. NORDICPHOTOS/AFF

Ganga frjálsir í Myanmar: Búrmamenn slepptu föngum

MYANMAR Yfirvöld í Myanmar, oft kallað Burma, náðuðu fyrir helgi 6.966 fanga og slepptu úr haldi. Þar af eru 210 þeirra frá löndum öðrum en Myanmar. Ekki er vitað hvort pólitískir fangar hafi verið á meðal hinna frelsuðu.

Forseti Myanmar, Thein Sein, hefur lofað að frelsa alla pólitíska fanga í landinu. Hann reis til valda árið 2010 og skipti út herforingjastjórn landsins.

Samkvæmt fréttaveitunni AP voru átta fyrrverandi nýsnarar meðal þeirra sem frelsaðir voru.

Talið er að um 150 pólitískir fangar séu enn í haldi, hið minnsta.

- þea



RÚTUR Skyllt er að vera með bílbelti í hópferðabifreiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Athuguðu hópferðabifreiðar: Allir voru með beltin spennt

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu ásamt lögreglunni á Suðurnesjum gerði nýlega könnun á bílbeltanotkun farþega í hópferðabifreiðum.

Ökutækni voru öll stöðvuð á leið eftir helstu umferðaræðum úr höfuðborginni.

Í öllum tilvikum sem lögregla kannaði voru allir farþegar í bílbeltum.

Skylda er fyrir alla farþega hópferðabíla að nota bílbelti og bera allir farþegar yfir 15 ára aldri ábyrgð á eigin bílbeltanotkun.

- sr5

Gríska hlutabréfavísitalan féll við opnun kauphallar

Kauphöllin í Aþenu var opnuð á ný í gær eftir fimm vikna lokun. Gríska hlutabréfavísitalan féll um 16,23 prósent. Markaðsvirði grískra banka lækkaði um 30 prósent. Ekkert bendir til þess að vísitalan hækki mikið í bráð.

GRIKKLAND Gríska hlutabréfavísitalan hríðféll þegar kauphöllin í Aþenu var opnuð í gær. Kauphöllin hafði verið lokað undanfarnar fimm vikur frá því gjaldeyrishöftum var komið á þegar skuldakreppa ríkisins stóð sem hæst.

Einungis nokkrum mínútum eftir að opnað var fyrir viðskipti féll vísitalan um 22,87 prósent. Þegar leið á daginn batnaði staðan þó órlítið en þegar lokað var fyrir viðskipti stóð lækunin í 16,23 prósentum.

Markaðsvirði stærstu banka Grikklands, Píreus-banka, Landsbankans, Alpha-banka og Euro-banka, lækkaði talsvert, eða um þrjátíu prósent. Meiri lækun er ekki leyfileg.

Til samanburðar við fall vísitölunnar í gær má nefna að mesta fall vísitölu á einum degi var fall hinnar bandarísku Dow Jones þann nítjándi október 1987, á hinum svokallaða svarta mánudegi. Þá féll Dow Jones um 22,61 prósent.

Fall vísitölunnar var þó fyrirsjáanlegt. „Það eru engar líkur á að nokkur hlutabréf hækki á morgun,“ sagði fjárfestirinn Takis Zamanis við fréttastofu Reuters á sunnudaginn.

Stjórnarformaður kauphallarinnar, Kostas Botopoulos, tjáði sig um opnun markaðarins við fjölmiðla í gær. „Það er mjög mikilvægt að við séum að opna. Auðvitað búumst við við erfiðu ástandi en við verðum á staðnum til að fylgjast með því sem fram fer,“ sagði hann. „Auðvitað búumst við við miklu álagi. Markaðurinn mun bregðast við þessari löngu lokun.“

Við munum ekki láta einn dag



FALL Maður smellir mynd af miklu falli hlutabréfa í Grikklandi þegar kauphöllin í Aþenu var opnuð á ný eftir fimm vikna lokun. NORDICPHOTOS/AFF

slá okkur út af laginu. Við verðum að bíða til vikuloka til að sjá hvernig ástandið verður,“ sagði Botopoulos.

Samkvæmt skilyrðum grísku ríkisstjórnarinnar og Seölabanka Evrópu fyrir opnuninni máttu grískir fjárfestar ekki kaupa hlutabréf fyrir peninga af bankareikningum sínum, einungis reiðufé. Þau skilyrði eru í samræmi við höft á lausafjárúttektum grískra ríkisborgara, en einungis er heimilt að taka 420 evrur út úr bönkum á viku. Erlendir fjárfest-

„Við munum ekki láta einn dag slá okkur út af laginu. Við verðum að bíða til vikuloka til að sjá hvernig ástandið verður.“

Kostas Botopoulos, forstjóri kauphallarinnar í Aþenu.

ar mega hins vegar fjárfesta fyrir það fé sem þeir eiga.

Þegar kauphöllinni var lokað í lok júní óttuðust margir algjört gjaldþrot Grikklands og brott-

hvarf þess af evrusvæðinu. Nú eru hins vegar samningaviðræður í gangi um 86 milljarða evra neyðarástoð fyrir gríska ríkið frá Seölabanka Evrópu og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Ólíklegt þykir að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn taki þátt í neyðarástöðinni þar sem skilyrði sjóðsins er umfangsmikil niðurfelling hluta skulda Grikkja. Evrópusambandið er andvígt niðurfellingunni en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir hana nauðsynlega.

thorgnyr@frettabladid.is

Viltu vita hvað eignin þín hefur **hækkað** í verði?

Frítt verðmat og framúrskarandi þjónusta í þína þágu.



Kristján P. Hauksson
Sölufulltrúi.

696 1122
kristjan@fastlind.is



Þórunn Gísladóttir
Löggiltur fasteignasali.

510 7900
www.fastlind.is



Hlíðasmára 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

Mikill erill var hjá lögreglunni í Vestmannaeyjum um verslunarmannahelgi: Slagsmál og eiturylf á Þjóðhátíð

LÖGREGLUMÁL Karl skallaði konu í andlit á Þjóðhátíð í Eyjum og var handtekinn í kjölfarið. Maðurinn og konan þekktust en ekki hefur verið lögð fram kærja í málinu.

Þetta var eitt þeirra fjölmörgu lögreglumála sem komu upp í Vestmannaeyjum um helgina, þegar um fimmtán þúsund manns komu saman til að skemmta sér. Lögregla greinir frá því að sjötíu fíkniefnamál hafi komið upp. „Langmest var tekið af amfetamíni og kókaíni og mun minna af kannabísefnum en á öðrum hátíðum,“ segir í tilkynningu frá lögreglu. Mikil áhersla var lögð á fíkniefnaleit en lögreglustjórnin í Vestmannaeyjum, Páley Borgþórsdóttir, tók þá ákvörðun fyrir helgi að upplýsa ekki um kynferðisbrot og sagði í samtali við DV: „Að mínu mati varðar mál líkt og fíkniefnamál meira við almannahagsmuni.“

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Akureyri gekk helgin vel. Þar fór fram hátíðin Ein með öllu eins og undanfarin ár. Ekki hefur verið tekið saman hvort og hve mörg fíkniefnamál hafi komið upp. Von er á upplýsingum um það síðar í dag.

Á Neskaupstað, þar sem Neistaflug var haldið, komu engin fíkniefnamál upp og engar líkamsárás-



ÁRVÖKULL Þessi lögreglumaður fylgdist vel með gestum í Vestmannaeyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ir. Enginn gisti fangageymslu. Lögreglumaður á vakt sagði í samtali við Fréttablaðið að helgin hefði verið rólegri en margar aðrar hefðbundnari helgar.

- snæ

ÚTSALAN HEFST Í DAG

15-60% AFSLÁTTUR



Sendum frítt



lindesign.is

Lín
DESIGN

Lögregla óskar upplýsinga: Lýsa eftir þjófi í Hafnarfirði

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir upplýsingum um mann sem grunaður er um innbrot í verslun í verslunarmiðstöðinni Firði aðfaranótt annars ágúst. Þeir sem hafa upplýsingar um manninn eru beðnir um að hafa samband við lögreglu í síma 444-1142.

Maðurinn, karlmaður, var klæddur í bláa Hummelpseysu og var með derhúfu í íslensku fánalitunum auk bakpoka sem merktur var Hummel og HK. - þea

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafði í nógu að snúast um verslunarmannahelgina og gekk á ýmsu: Ráðist á konu fyrir að ganga öfugum megin

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafði í nógu að snúast um helgina, rétt eins og kollegar hennar á landsbyggðinni.

Töluvert hefur verið um innbrot og þjófnaði að undanförunu og hefur tilkynningum rignt inn hjá lögreglu.

Þannig var tilkynnt um að minnsta kosti 3 innbrot í hús, ásamt því að garðverkfærum og húsgögnum var stolið úr garði íbúðar skömmu eftir klukkan eitt í dag. Þá var tilkynnt um mann sem grunaður var um þjófnað úr verslun eða verslunum við Laugaveg um klukkan 14.40.

Maðurinn náðist skömmu síðar og var vistaður í fangageymslu vegna ölvunar. Á manninum

fannst varningur sem skilað var í verslunina og að sögn lögreglunnar átti að taka af honum skýrslu er af honum rynni.

Lögreglan í Kópavogi og Breiðholti fékk tilkynningu um að ráðist hefði verið á konu sem var á gangi með hundinn sinn á öðrum tímum í dag. Karlmaður veittist að henni með hrindingum og spörkum.

„Kom í ljós að tilefnið var að hún hafði gengið á öfugum helmingi göngustígsins að mati mannsins,“ segir í tilkynningu frá lögreglunni og bætt við að þó hafi engin meißl orðið á fólki eða dýrum og engar kærur lagðar fram.

- sjó



LÍKAMSÁRÁS Göngustígur í Reykjavík. Myndin tengist efni fréttarinnar ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



VÖRUFLOTNINGAR Vöruskipti í júní voru óhagstæð um 10,2 milljarða króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Útflutningur fyrir 56,2 milljarða:

Vöruskipti í júní óhagstæð

HAGSTOFAN Fluttar voru út vörur fyrir 56,2 milljarða króna í júní. Fluttar voru inn vörur fyrir 66,4 milljarða á sama tíma. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands.

Vöruskiptin í júní voru því óhagstæð um 10,2 milljarða króna.

Í júní í fyrra voru vöruskiptin óhagstæð um tólf milljarða króna á gengi hvors árs.

Fyrstu sex mánuði þessa árs voru fluttar út vörur fyrir rúma 332,4 milljarða króna en inn fyrir tæpa 338,4 milljarða króna. Halli var því á vöruskiptum við útlönd sem nam 5,9 milljörðum króna. - ngy

Aðgerðir nígeríska hersins: Frelsuðu 178 frá Boko Haram

NÍGERÍA Nígeríski herinn bjargaði 178 manns úr haldi skæruliðasamtakanna Boko Haram. Frá þessu var greint í tilkynningu hersins á sunnudagskvöld. Herinn frelsaði fólkið eftir árásir á herbúðir Boko Haram.

Tukur Gusau, talsmaður Nígeríuhers, sagði að 101 þeirra sem frelsoð höfðu verið væru börn, 67 konur og tíu karlmenn. - þea



SORG Fjölskylda syrgir fallinn landgönguliða í Chattanooga. NORDICPHOTOS/AFF

Eftirmál skotárásarinnar:

Gætu kært landgönguliða

BANDARÍKIN Sjóher Bandaríkjanna íhugar að ákæra landgönguliða sem skaut til baka á mann sem réðst að skrifstofum sjóhersins í Chattanooga í Tennessee í júlí. Maðurinn yrði þá ákærður fyrir notkun ólöglegs skotvopns.

Heimildarmaður Fox News, hátt settur embættismaður innan sjóhersins, greindi frá þessu. Jim Webb, forsetaframbjóðandafni demókrata, tók undir þetta og sagði ekki hægt að útiloka að maðurinn yrði ákærður þar sem hann hefði brotið landslög. - þea



FRAMKVÆMDIR Eins og sést er sprengt ákaflega nærri íbúabyggð. Íbúar segjast verða fyrir miklum óþægindum vegna þess. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Lítið samráð um sprengingu

Undirbúningur og jarðvegsvinna eru hafin við Klettaskóla í Öskjuhlíð þó að kæra nágretta sé enn óafgreidd. Íbúar eru ósáttir en undirskriftum með mótmælum 94 prósentu heimila í hverfinu var skilað til borgarstjóra.

REYKJAVÍK Sprengingar eru hafnar í Suðurhlíðum fyrir viðbyggingu við Klettaskóla, sem áður hét Öskjuhlíðarskóli. Sprengingarnar fara fram með svokölluðu takmörkuðu byggingaleyfi.


Íbúar í grennd við skólann eru ósáttir enda kærðu þeir framkvæmdina í lok árs 2013 en hafa engin svör fengið frá Umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkurborgar. „Þeir vita að við erum ósátt. Við söfnuðum undirskriftum í hverfinu og skiluðum til Dags B. Eggertssonar, þar sem 94 prósent heimila í hverfinu mótmælu þessu. Þeir hlustuðu ekki á það,“ segir Hulda Arnljótsdóttir, íbúi í næsta húsi við framkvæmdirnar.

Sprengt er fyrir í þróttahúsi, tveimur innisundlaugum og annarri aðstöðu við Klettaskóla. Nýja deiliskipulagið var kynnt íbúum á fundi miðvikudaginn 19. desember árið 2012. Þeim var gefinn frestur til mánudags, sem var aðfangadagur jóla, að skila athugasemdum.

Vegna athugasemda íbúanna var ákvörðun um deiliskipulagið frestað um nokkra mánuði. Svo voru haldnir þrjár fundir með íbúum, fulltrúum Klettaskóla og fulltrúum borgarinnar um málið. „Þeir gera það gjarnan þegar svona sýndarsamráð er í gangi,“ segir Hulda.

Nýtt deiliskipulag var samþykkt í borgarráði 7. nóvember 2013. Áður hafði deiliskipulagið gert ráð fyrir byggingu sem var tvö þúsund fermetrum minni en sú sem nú á að byggja.

„Okkur finnst þetta alveg ofboðs-



SPRUNGUR Skemmdir tóku að myndast í húsi Huldu fyrir tíu dögum. Þær eru víða um húsið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

lega íþyngjandi og skiljum ekki hvaða lögmætu ástæður eru svona rosalega ríkar að fara inn í hverfið með þessum hætti. Þetta er hverfi byggt sírka árið 1985 og þetta er vistvænt hverfi. Það er ákveðinn heildarbragur á hverfinu. Þetta eru þröngar götur með lítil hús og það loftar vel á milli. Þeir eru að raska byggðarmunstrinu þarna alveg gríðarlega.“ Hulda segir að þegar sprengingar



HULDA ARNLJÓTSDÓTTIR

hófust hafi reglugerðir um sprengingar verið brotnar. „Fyrsta dag sprenginga brutu þeir reglugerð um sprengingar fram og til baka. Í reglugerð segir að í fyrsta lagi eigi svæðið að vera merkt, það eiga að vera skilti um að þetta sé vinnusvæði og að þar sé sprengt. Það voru engin skilti af neinu tagi.“

Hulda segir að íbúar hafi ekki vitað að sprengingar myndu byrja 21. júlí síðastliðinn. Í reglugerð standi að það eigi að láta íbúa í nærliggjandi húsum vita en það hafi ekki verið gert. Enginn hafi áttað sig á hvað hljóðmerkið sem kemur fyrir sprengingu þýddi í upphafi.

„Okkur var sagt að það yrði sprengt tvisvar á dag og að við fengjum að vita klukkan hvað svo við gætum undirbúið okkur. Þeir hafa þverbrotið þetta. Þeir hafa verið að sprengja þrisvar til fjórum sinnum á dag,“ segir Hulda.

Lögreglan hefur verið kölluð til þegar verktakar hafa brotið samkomulag við íbúa. „Það er erfitt fyrir íbúa að eiga við svona ofjarl eins og Reykjavíkurborg. Í þessu máli er borgin málsheljandi að þessu máli, hún sér um hönnunina á mannvirkinu, hún fær til sín framkvæmdaðila og hún er líka eftirlitsaðili.“ snaeros@frettabladid.is

Sumarútsalan hafin í Hjólaspretti

20 - 50% afsláttur af völdum hjólum



Hjólum í sumar!
www.hjolasprettur.is

Hjóla
sprettur
VERSLUN OG VIÐGERÐIR

Dalshrauni 13
220 Hafnarfirði
Sími 565 2292

Að bora í nefið í beinni útsendingu

Stundum eru Íslendingar eins og bílstjórar í hreyfingarlausum bíl; halda að þeir séu huldur sjónum þeirra sem fyrir utan standa og því taki enginn eftir því þegar þeir bora í nefið og gæða sér jafnvel á útmokstrinum. Þannig kemur það okkur stundum á óvart að hinn stóri umheimur viti af tilvist okkar. Stundum erum við uppnumin af því, en stundum verðum við bara pirruð og stundum eins og við séum tekin í bólinu. Á sama hátt og bílrúður eru gegnsæjar í báðar áttir – þeir sem sjá út um þær sjást inn um þær – þá virkar internetið ekki eins og korktafla í kuffélaginu og þú þurfir að mæta á svæðið til að berja það augum sem þar er upp fest. Í gegnum internetið getum við fylgst með lífinu í Sevilla, svo dæmi sé tekið, og Sevinglingar á sama hátt fylgst með lífinu á Íslandi.

Kolbeinn Óttarsson Proppé

kolbeinn@frettabladid.is



Avaaz heitir félagsskapur sem sérhæfir sig í undirskriftasöfnun á netinu. Þar er hægt að mótmæla óréttlæti víða um heim; svikum Banda- ríkjastjórnar við Apasja, ljónaveiðum í Afríku, mengun, námagreftri á hafsbotni, svo aðeins nýleg dæmi séu tiltekin. Og þar er hægt að mótmæla siglingum Hvals hf. með hvalkjöt til Japans.

Þó vissulega væri eitthvað fallett við skilningsleysi for- stjóra Hvals á internetinu, þar sem hann furðaði sig á því að á 1,3 sekúnda fresti bættist við ný undirskrift ýmist frá Suður- Afríku, Kanada eða Hollandi, þá er það skilningsleysi tilbrigði við sama heimóttarlega stefni sem oft og tíðum einkennir samband Íslendinga við umheiminn. Hann er þarna, það er gaman ef fólk þar dáist að því hvað við erum flott og landið okkar fallett, en vei þeim sem hafa einhverja skoðun á því hvernig málum er hér fyrir komið.

Að einhverju leyti er þetta einangrunarhyggja. Okkur finnst engum koma við hvort við veidum hvali eða ekki. Þetta er okkar mál. Og vissulega er það svo. En það er algjörlega mál hvers þess sem mótmælir hvalveiðum hvort hann svo gerir.

Að undanförunu hefur einnig vaknað umræða um það hvort Íslendingar eigi ekki að hætta að styðja viðskiptabann ESB á Rússland. Ekki vegna þess að við höfum allt í einu samþykkt þær aðgerðir sem urðu kveikjan að banninu, heldur vegna þess að þær gætu orðið til þess að Rússar hættu að eiga við- skipti við okkur. Vildu ekki makrílinn okkar. Viðskipti virka í báðar áttir og setji eitt land bann á að annað fái að selja sínar vörur er erfitt að heimta að sama land kaupir vörur til baka.

Efnahagsrókin virðast, hjá einhverjum að minnsta kosti, trompa mannréttindin þegar kemur að framferði Rússa. En þau trompa ekki réttindi okkar til hvalveiða. Engu skiptir hvort við græðum á þeim eða töpum; þær skulu vera okkar heilagi réttur. En þá verðum við líka að vera viðbúin gagnrýni utan úr hinum stóra heimi og jafnvel aðgerðum. Því á meðan við störum út í heim í gegnum bílrúðuna, borandi í nefið, starir heimurinn til baka og sér vel hvað við erum að gera.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Segir nei við bankabónus


Verðandi þingkona Pírata, Ásta Helga- dóttir, eyðir sumarfríinu í að undirbúa sig fyrir þingmennskuna í haust. Hún les nú skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankana, af miklum móð og virðist vera að læra nokkuð af henni. Ásta deilir mynd af þriðja bindinu á Facebook-síðu sinni og segir: „Eftir þennan lestur mun ég seint samþykka að bónusgreiðslur til bankanna séu nauðsynlegar.“

Gott og blessað. Gott að þingkon- an ætli að sýna bönkum aðhald. En þurfti virkilega lestur á skýrslunni til? Vita ekki allir sem fylgdust með umræðum um hana árið 2010 að óráðsá í bönkunum var of mikil? Er þetta ný tíðindi fyrir þingkonuna?

Klámið kveikti áhugann

Kannski var Ásta ekki að fylgjast með þegar rannsóknarskýrslan kom út. Á síðu Pírata kemur fram að hún hafi fyrst orðið Pírati og hellst út í stjórn- mál þegar Ögmundur Jónasson, þá- verandi innanríkisráðherra, lagði fram klámfrumvarpið margumtalaða. Það var árið 2013 og varð aldrei að lögum. Ásta vill fella úr úrelt bann við klámi og auka tjáningarfrelsið. Höf- undur vonar að málefnið verði

fleiri og dýpri, en það er vissulega hressandi að fá konu á þing sem hefur að gælumáli eitt- hvað sem er þvert á kjördæmi og á við nú- tímanna.



Forsetalegur fræðimaður

Nafn vísindamannsins Kára Stefáns- sonar er óvænt komið inn í hóp þeirra sem líklegir þykja í forsetaframbod. Almennatengillinn Andrés Jónsson sagði fyrir nokkrum dögum að til þess að verða forseti þyrfti að byrja snemma að gera forsetalega hluti, vera andstæðingur og eiga nóg af pening- um. Þetta á allt við um Kára. Upp á síðkastið hefur hann dúkkað upp, alþýðulegur og meðal annars sagt að almenningur ætti að rústa ríkuleg- um höfuðstöðvum Landsbankans með sleggjum. Þá sagðist hann skammast sín fyrir að vera skattakóngur. Skattakóngurinn á gomu af seðlum og vitandi hvað alþýðan vill, leggur hann til andstöðu við bankana. Klár karl, hann Kári.

snaeros@frettabladid.is

HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefánía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrunn Þórsdóttir hrunn@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafraenu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ

STÖÐUPRÓF/PLACEMENT TESTS

Stöðupróf á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins verða haldin í Menntaskólanum við Hamrahlíð í ágúst í stærðfræði og eftirfarandi tungumálum:

Danska/Danish (6 einingar/10 fein*),	fös.	14. ágúst kl. 16:00.
Enska/English (9 einingar/15 fein*),	fim.	13. ágúst kl. 16:00.
Franska/French (12 einingar/20 fein*),	fös.	14. ágúst kl. 16:00.
Ítalska/Italian (12 einingar/20 fein*),	mið.	12. ágúst kl. 16:00.
Norska/Norwegian (6 einingar/10 fein*),	fös.	14. ágúst kl. 16:00.
Spænska/Spanish (12 einingar/20 fein*),	mið.	12. ágúst kl. 16:00.
Stærðfræði/Mathematics		
(stæ103/5 fein, stæ203/5 fein, stæ263/5 fein)	mið.	12. ágúst kl. 18:00.
Sænska/Swedish (6 einingar/10 fein*),	fös.	14. ágúst kl. 16:00.
Þýska/German (12 einingar/20 fein*),	mið.	12. ágúst kl. 16:00.

*hámarks einingafjöldi sem hægt er að ná, frá og með fyrsta áfanga á framhaldsskólastigi.

Rafræn skráning (On-line registration) í stöðupróf fer fram á heimasíðu skólans <http://www.mh.is/skolinn/exam/>. Frekari upplýsingar á (more information on) www.mh.is.

Rektor.

Kerfið mikilvægara en bændur?

NEYTENDUR



Finnur Arnason forstjóri Haga

Nýlega skoraði ég á stjórnvöld að endurskoða hækkan á mjólkurvörum. Ástæðan, að opin- ber verðlagsnefnd ákvað að hækka verð á mjólkurvörum, m.a. á smjöri um 11,6%. Þre- faldra hækkan vísitölu neysluverðs. Ég taldi rétt að stjórnvöld sýndu gott fordæmi og gættu aðhalds í verðlagsmálum. Vanhugsað væri að hækka verð svo mikið í kjölfar árang- ursríkra kjarasamninga. Tímasetningin er röng og sendir röng skilaboð frá stjórnvöld- um. Hún hefur víðtækari áhrif, m.a. á verð- trygð húsnæðisland heimilanna.

Athygli vakti að hækkanin rann að mjög litlu leyti til bænda. Neytendur greiða herra verð, sem fer ekki til bænda. Ætla mætti að ég og formaður bænda ættum samleið í þessu máli. Svo var ekki. Ég kom við viðkvæman blett. Svo viðkvæman að formaður bænda- samtakanna hætti að vera talsmaður bænda. Bændur voru skildir eftir útundan og kerfið varíð á kostnað bænda og heimila.

Ráðherra svaraði ekki áskorun minni. Forystumenn bænda veittust hins vegar að mér og Högum. Formaðurinn fremstur í flokki og gerir álagningu verslunarinnar að umtalsefni. Hann gefur í skyn að verslanir hafi hækkað álagningu. Hagar eru skráðir í Kauphöllina og er skylt að birta álagningu sína opinberlega. Álagning félagsins hefur lækkað. Nýjustu tölur staðfesta að félagið

hefur skilað öllum skattabreytingum og styrkingu krónunnar að fullu til sinna við- skiptavina. Formaðurinn vitnar í skýrslur sem hann segir m.a. „staðfesta að þegar kemur að álagningu og hækkanum til neyt- enda er verslunin mjög gróf“. Þessi svívirði- lega aðdróttun á sér hvergi samastað og er ósönn. Engin skýrsla staðfestir að þetta eigi við um Haga.

Formaðurinn nefndi ekki að til ársins 2013 bauð MS árlega 75 tonn af smjöri á 20% afslætti til neytenda, 8% af heildarsölu smjors. Í stað þess að segja ósatt og ásaka verslunina væri rétt að skoða heimahagana. Með því að hætta tilboðum hækkaði heild- söluálagning á smjöri á umræddu tímabili umtalsvert.

Landbúnaðarkerfið kostar neytendur 16-18 milljarða á ári. Bændur bera lítið úr bytum, neytendur greiða hátt verð og kostnaður ríkissjóðs er umtalsverður. Breytingar munu bæta hag bænda og hag neytenda. Sérhags- munasamtök formannsins fá 500 milljónir á ári af fjárlögum í hagsmunabaráttu. Hærri upphæð en samanlagðir árlegir ríkisstyrk- ir til allra stjórnmalaflokka. Sindri vill ekki að ég tali fyrir neytendur. Ég mun tala máli viðskiptavina okkar. Ríkisstyrktur rögburð- ur mun ekki breyta því og áskorun mín til stjórnvalda stendur.

Ekki lengur gullúr

Árið 2007 var rekstrarformi Ríkisútvarpsins breytt og það var gert að opinberu hlutafélagi: Ríkisútvarpinu ohf. Í leiðara Morgunblaðsins 25. 1. 2007 var hneykslast á þeim stjórnmalamönnum sem höfðu haldið því fram að eftir breytinguna yrði frekar gengið á rétt starfsmanna. Sagði Morgunblaðið að starfsmenn Ríkisútvarpsins ættu einmitt að fagna breytingunum því reynslan af hlutafélagavæðingu ríkisstofnana sýndi „að þar losnar yfirleitt úr læðingi sá kraftur og hæfileikar, sem búa í starfsfólki en hið dauða stofnana-skipulag drepur niður“.

FJÖLMÍÐLAR



Una Margrét Jónsdóttir skáld

Of ef við sem eftir sitjum eigum eftir einhverja krafta eða hæfileika er það með naumindum að við getum haldið þeim við, svo mjög hafa sífelldar uppsagnir og óvirðing við starfsfélaga okkar gengið nærri okkur, og við lifum í sífelldum ótta um að missa starfið. Þetta er sú sæla sem breyting Ríkisútvarpsins í hlutafélag hefur fært starfsmönnum þess.

Sagt er að áður hafi það verið venja að fyrirtæki gæfi þeim

starfsmanni gullúr sem átti að baki margra ára farsælan feril hjá stofnuninni. Þetta tíðkast ekki lengur. Nú er uppsagnarbréf þau verðlaun sem fólk hlýtur fyrir áratuga gott starf.

Þegar Magnús Geir Þórðarson var ráðinn útvarpsstjóri fyrir rúmu ári vorum við starfsfólkið í sárum eftir mikla uppsagnahrinu sem framkvæmd var á svo ruddalegan hátt að þess eru fá dæmi. Við vonuðum heitt að með nýjum yfirmönnum myndu renna upp nýir og betri tímar, komið yrði fram við starfsfólk af virðingu, trúmennska og góður árangur í

starfi yrðu metin að verðleikum. Vegna þessarar vonar höfum við reynt að taka flestum ákvörðunum nýrra yfirmanna með jákvæðu hugarfari, t.d. breytingum á húsnæði, þó að þær hafi haft talsverð óþægindi í för með sér. „Mann langar svo mikið til þess að þetta gangi!“ sagði Sigríður Stephensen við mig einu sinni á liðnu ári. Okkur grunaði ekki þá að uppsögn hennar væri skammt undan. Það eru óumræðileg vonbrigði að það skuli vera þau skilaboð sem nýir yfirmenn kjósa að senda góðum og reyndum starfsmönnum. Ætlar þessari upp-

→ Sagt er að áður hafi það verið venja að fyrirtæki gæfi þeim starfsmanni gullúr sem átti að baki margra ára farsælan feril hjá stofnuninni. Þetta tíðkast ekki lengur.

sagnartröð þá aldrei að ljúka? Við förum ekki fram á mikið. Það er enginn að biðja um gullúr. En getur það verið að það sé ekki mögulegt nú á 21. öldinni að verðlauna fyrir gott starf og trúmennsku öðruvísi en með uppsagnarbréfi?

Nú eru 8 ár síðan þessi orð voru rituð. Á þeim tíma höfum við starfsmenn Ríkisútvarpsins tvisvar orðið að þola gifurlegar fjöldauppsagnir vegna sparnaðar og nú fyrir skömmu var sagt upp tveimur úrvals dagskrárgerðarmönnum á Rás 1, Hönnu G. Sigurðardóttur og Sigríði Stephensen, þó að enginn sparnaður kallaði á þessar uppsagnir. Því fór fjarri að Hanna og Sigríður hefðu nokkuð brotið af sér í starfi, þvert á móti höfðu þær verið vinsælir og virtir dagskrárgerðarmenn um árabil. „Losnar úr læðingi kraftur og hæfileikar“ sagði Morgunblaðið 2007. Já, „losnar“ er rétta orðið, losnar burt frá stofnuninni því starfsmönnum sem sýna að þeir hafa kraft og hæfileika til að bera er sparkað.

TÍSTIÐ


Sunna Ben
@SunnaBen
3.8.2015
Á Þjóðhátíð í nótt var ung kona barin fyrir að vera femínisti. Árið er 2015. Þetta var að gerast.

Bobby Breiðholt
@Breidholt
2.8.2015
Þöggun um slæma hluti er svo merkileg því hún magnar upp alla hugsun um slæma hluti.

Heiða Kristín Helgadóttir
@heidabest
2.8.2015
Þetta „ekki var upplýst um kynferðisbrot“ í fréttum frá Eyjum gerir mig sturlaða. Mikil afturför, skilningsleysi og tengingarleysi.

Gísli Marteinn Baldursson
@gislimateinn
3.8.2015
Rútur, trukkar og jeppar þurfa að laga sig að miðbæ Reykjavíkur. Miðbær Reykjavíkur á ekki að laga sig að rútum, trukku og jeppum.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á greinar@visir.is og við komum henni á framfæri hið snarasta.



ENSKI BOLTINN

BIÐINNI LÝKUR 8. ÁGÚST



Senn liður að því að blásið verði til leiks í Ensku boltanum. Ná Arsenal, Liverpool og Manchester-liðin tvö að gera atögu að titlinum eða sýna meistarar Chelsea sömu gæði og stöðugleika og á síðustu leiktíð? Fylgstu með Ensku boltanum frá byrjun því veislan er að hefjast.



10GB

Með enska pakknum færðu **endalaust tal** og **10GB** á **3990 kr.**

Samstaða

Úreltingartímabil smábáta á árunum kringum 1996 var gert til þess að auka hlutdeild togara og dragnótabáta. Þetta hefur komið niður á fuglalífnum kringum landið. Hvítfluglunum, lunda og öllu fuglalífi.

SJÁVARÚT-VEGUR



Garðar H. Björgvinsson
bátasmiður

og eitthvert æti að finna. Togarar moka landgrunninu fram og aftur í hauga. Dragnótin slítur sundur sandslíð sem grefur sig niður. Þetta úreltingarævintýri er orðið fyrnt.

Nú hvet ég alla sem létu plata út úr bátana með því að borga 80% af matsvirði þeirra, að hafa samband við undirritaðan, með það að markmiði

áð leita samstöðu til að þrýsta á breytingar, þ.e. að fá atvinnuleyfi á bátana aftur.

Verðdæmi
Cej stillanlegt heilsurúm með infinity dýnu 2x80x200 cm.
Fullt verð kr. 558.000
ÚTSÖLUVERÐ KR. 390.600

STILLANLEG
RÚM
25-35%
AFSLÁTTUR

REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRDUR | REYKJAVÍK | AKUREYRI | ÍSAFJÖRDUR

ÚTSALA

LOKAVIKAN!

20-50%

AFSLÁTTUR

MARGAR GERDIR
SÆNGUR-FATASETT
20-50%
AFSLÁTTUR

REYNIR heilsurúm

Með Classic botni 160x200 cm.
Fullt verð: 169.900

ÚTSÖLUVERÐ AÐEINS
kr. 99.900



WE MAKE THE WORLD'S
BEST MATTRESS™

Reynir
HEILSURÚM

40%
AFSLÁTTUR AF
160X200 CM

Gaff ekki
innifalinn í verði

Betra BAK

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477

Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100 og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566

Opíð virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Biblían – fjölbreyttar leiðir til lesturs og íhugunar

Biblían, helgirit kristinna manna, er mikil bók sem margir nýta sér í daglegu lífi. Hún er safn trúarrita sem sum eru meira en 2.000 ára gömul en önnur nokkuð yngri. Orð Guðs í Biblíunni færir okkur kærleiksboðskap Jesú Krists, leiðbeinandi siðfræði og veitir styrk, huggun og leiðsögn á lífsins vegi. Það er því dýr- mætt að geta lesið í Biblíunni sér til uppbyggingar og góds.

Ég eignaðist mína fyrstu Biblíu árið 1984 er ég brautskráðist sem sjúkrapjálafari frá Háskóla Íslands og föðursystir mín gladdi mig með þessari góðu útskriftargjöf. Þessi gjöf var mér dýr- mætt og ég handlék bókina oft. Það liðu hins vegar mörg ár áður en ég varð fyrir alvöru handgengin Biblíunni og dýr- mætur boðskapur hennar tók að auðga líf mitt. Það getur krafist leiðsagnar að ná valdi á að lesa sér til uppbyggingar þessa góðu bók og langar mig því að deila með lesendum hvernig það gerðist í mínu lífi.

Árið 2000 sótti ég námskeið á vegum Leikmannaskóla Þjóðkirkjunnar sem reyndist mér gagnlegt í þessu sambandi. Bar það heitið „Lífandi steinar“ og fjallaði um

TRÚMÁL



Bergþóra Baldursdóttir
sjúkrapjálafari

helgihald og hversdagslífi. Á því var m.a. sagt frá ritum Biblíunnar, þátttakendum kennt að fletta upp í henni og þeir fengu tækifæri til að leysa heima- verkefni sem hvöttu til umhugsunar um boðskap gefins biblútexa. Það var nýtt fyrir mér að vera spurð að því hvernig tiltekinn biblútexi talaði til mín eða hver mér fynd- mætt að geta lesið í Biblíunni sér til uppbyggingar og góds.

ist boðskapur hans vera. Þarna varð ég handgengin Biblíunni og ígrundunin skerpti á minni persónulegu trú.

Skóli Orðsins (LECTIO DIVINA) var annað námskeið sem ég sótti á vegum Leikmannaskólans nokkrum árum seinna. Þar lærði ég að lesa Biblíuna á nýjan hátt. Aðferðin var í fimm þrepum og byggði á að nálgast Biblíuna í stórum eða litlum hópum og í einrúmi. Á fyrsta þrepinu var skapað andrúmsloft kyrrðar og tilbeiðslu, þannig að ró kæmist á skilningarvitin, sem skerpti skilninginn á því sem lesið var. Á öðru þrepinu var valinn biblútexi lesinn upphátt nokkrum sinnum og spurt um merkingu hans í sögulegu ljósi. Þriðja þrepdið fól í sér stund fyrir kyrrð og íhugun. Þátttakendur spurðu sig hvaða merkingu

→ Það getur krafist leiðsagnar að ná valdi á að lesa sér til uppbyggingar þessa góðu bók og langar mig því að deila með lesendum hvernig það gerðist í mínu lífi.

orð Biblíunnar færðu inn í kringumstæður daglegs lífs. Hvað vildi Guð segja þeim? Á fjórða þrepinu var sameinast í bæn, hugsanir og íhuganir lagðar í Drottins hönd. Í bæninni nálguðumst við Jesú, fundum að hann var nálægur og vildi mæta okkur. Í lokin, á fimmta þrepinu, ræddum við saman um biblútexann. Við gáfum hvert öðru hlutdeild í hugsunum okkar án þess að rökræða eða gagnrýna. Með þessum hætti gátum við komið auga á fleiri fleti á textanum eins misjöfn og við vorum.

Að lokum langar mig til að nefna „Biblúöskjuna“ sem inniheldur 200 spjöld með ritningar- greinum úr Biblíunni. Það hefur fært dýr- mætt veganesti inn í daglegt líf mitt að draga spjald með orði Guðs úr öskjunni og hefur um leið aukið áhuga minn á lestri Biblíunnar. „Þitt orð er lampi fóta minna og ljós á vegum mínum.“ Sálm. 119:105.

Eins og stelpa!

Þegar ég var ca. 8-9 ára gömul fór ég ásamt vinkonu minni á eina fót- boltaæfingu. Á þeim tíma var (að mér vitandi) ekkert stelpulið fyrir þennan aldur í okkar heimabæ og því fórum við á æfingu með strákunum. Þetta var útiæfing á malarvelli og fyrir einhverja rælni tókst mér að skora mark. Það væri í sjálfu sér ekki í frásögu færandi, nema fyrir viðbrögð strákanna á æfingunni. Strákurinn sem var í marki fékk að heyrta hví- líkur aumingi hann væri fyrir að verja ekki skot frá stelpu. Það var hlegið og gert grín að honum og þjálfarinn fylgdist passívr með. Ég fáttaði það ekki fyrr en löngu seinna að þó að orðum strákanna væri beint að markverðinum, var í raun verið að gera lítið úr mér og vinkonu minni. Við hlutum að vera svo lélegar að það væri bein- línis lítillækkandi að verja ekki skot frá okkur.

Frá því að þetta gerðist hef ég margsinis séð og heyrð stráka

JANFRÉTTIS- MÁL



Hjördís Birna Hjartardóttir
lögfræðingur

kalla hver aðra stelpur og kellingar. Alltaf er það gert til að lítillækka, stríða eða gefa til kynna að einhver hafi staðið sig mjög illa. Í þau fáu skipti sem ég hef nennt að gera athugasemd við þessa orðanotkun hef ég fengið að heyrta að ég sé leiðinleg, hómorslaus og beðin um að „róa mig“. Tilsvör eins og „við meinum ekkert með þessu“, „maður segir bara svona“ og „þetta er sagt í gríni“ eru algeng. Svona tala bara strákar og svona hefur þetta alltaf verið. Allar þessar afsakanir eiga það sameiginlegt að vera þær lélegustu í heimi.

Þeir sem halda því fram að orðaval okkar skipti ekki máli eru annaðhvort í afneitun eða vitlausir; nema hvort tveggja sé. Máttur orða verður seint ofmetinn. Orð móta veröld okkar meira en nokkuð annað, ekki síst þegar við erum að vaxa úr grasi. Ungur drengur sem heyrir eldri stráka eða karlmenn (t.d. þjálfara sem hann lítur upp til) lýsa lélegri

→ Stelpur eru grjótharðar og sá sem spilar eins og stelpa er væntanlega að spila eins og fokking sigurvegari.

frammistöðu þannig að einhver sé að spila „eins og stelpa“ lærir mjög hratt að það er neikvætt og gildishlaðið – það er ekki „bara grín“. Stelpa sem heyrir sama frasa lærir sömuleiðis mjög hratt að hún er talin óæðri strákunum. Ég fór t.d. aldrei aftur á fótbolta- æfingu og þarf kannski engan að undra hvers vegna.

Það er til nóg af góðum, íslenskum orðum til að lýsa lélegri spilamennsku, óánægju með frammistöðu eða bara almennum aumingjaskap. Það er fullkominn óþarfi að blanda stelpum inn í þá lýsingu, enda er heldur engin inni- stæða fyrir því. Stelpur eru grjótharðar og sá sem spilar eins og stelpa er væntanlega að spila eins og fokking sigurvegari. Eins og til dæmis Katrín Tanja Davíðsdóttir, sem sigraði á heimsleikunum í crossfit í vikunni – eins og stelpa!

Óeinelti? – Snúum umræðunni við

Daglega les maður eða heyrir sögur um einelti og hversu alvarlegar afleiðingarnar geta orðið, fyrir börn og fullorðna, sem verða fyrir því og lífs- göngu þeirra. Umræðan snýst að sjálfsgöðu öll um hve einelti sé slæmt og börnum er kennt að það megi ekki leggja önnur börn í einelti, jafnvel börn í leikskólum þekkja orðið. Innihald umræðunnar er auðvitað gott og þarflegt, en orðið einelti klingir í eyrum alla daga.

Þar með er ég ekki að segja að orðið einelti sé slæmt. Það er býsna gagnsætt hvað merkingu varðar. Orðið einelti tekur bara allt of mikið pláss í umræðunni um vandann, því það er alltaf á tungu manna og vísar beint í það slæma. Það er meira að segja haldinn eineltisdagur (á maður þá að leggja

SAMFÉLAG



Hrafnhildur Hreinsdóttir
upplýsingafræðingur

einhvern í einelti, má spyrja) eða jafnvel eineltis- vika í skólum og á vinnu- stöðum. Allt til að fyrir- byggja eða vekja athygli á vandanum.

Mig langar til þess að hvetja alla sem að þessum málum koma að snúa umræðunni við og minnka það að tala um einelti, heldur tala frekar um hið gagnstæða. Fókusera á góð samskipti, vináttu, virðingu og umburðarlyndi. En þá kemur vandamálið upp því okkur vantar gott orð yfir hugtakið.

Norðurlandþjóðir nota orðið mobbing yfir einelti og antimobbing sem mótsögn svo ekki getum við gengið í smíðju þeirra. Óeinelti gengur ekki heldur í okkar tungumáli. Einu orðin sem mér detta í hug eru mannúð, góðvild og sam- kennd en mér finnst þau ekki ná

→ Mig langar til þess að hvetja alla sem að þessum málum koma að snúa umræðunni við og minnka það að tala um einelti, heldur tala frekar um hið gagnstæða.

að vera hið gagnstæða við einelti. Ég beini því þess vegna til allra þeirra sem hæfileikana hafa að finna eða smíða nú gott orð yfir þetta hugtak svo við þurfum ekki að nota eins oft hið neikvæða orð, einelti. Beinum athyglinni frekar að góðri hegðum með því að nota rétt orð yfir hana og flytjum þannig áhersluna á það jákvæða.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Breytt mataræði
Kolbrún Jónsdóttir breytti lífsstíl sínum fyrir fimm árum og tókst að losna við alls kyns heilsufarsleg vandamál. Hún gefur uppskrift að góðu brauði. **SÍÐA 2**



Holl sítróna
Sítrónuvatn á morgnana er sagt geta haft góð áhrif á heilsuna. Best er að hafa vatnið volgt og drekka það á fastandi maga. **SÍÐA 4**



VINNUR GEGN UPPPEMBU, ÞYNGSLUM Í MELTINGU OG KEMUR Í VEG FYRIR ÞREYTU OG SLEN EFTIR MÁLTÍÐIR. MINNKAR SYKURLÖNGUM.

Vítamín og bætiefni sem næringarþerapistar mæla með.



Solaray Ísland á Facebook

Fæst í öllum helstu apótekum og heilsuvörubúðum

SKOTHELT RÁÐ GEGN HARÐSPERRUM

GENGUR VEL KYNNIR Elín Pálmadóttir tók áskorun frá manninum sínum um að ganga á Esjuna, þrátt fyrir að vera í slæmu formi, og gengu þau saman alla leið á toppinn. Eftir gönguna lagðist hún í gott bað með magnesíum-flögum.

Ég hafði lítið sem ekkert hreyft mig í rúmt ár og því var gönguferð á toppinn á Esjunni töluverð áskorun. Maðurinn minn skokkaði léttur á fæti á undan mér báðar leiðir en á þrjúskunni hafðist þetta. Þegar ég kom heim var ég svo gjörsamlega búin á því en var svo heppin að eiga Better-You magnesíum-flögur í kílóspoka. Ég setti hálfan poka í baðkarið, lá þar í hálf tíma og fann þreytuna líða úr mér. Daginn eftir var ég spræk og með litlar sem engar harðsperrur meðan maðurinn minn gat ekki hreyft sig í þrjú daga á eftir og dauðöfundaði mig af magnesíum-baðinu. Viku seinna tók ég þátt í almenningshlaupi þar sem ég hljóp 7 km og fór svo beint heim í magnesíum-bað. Eins og síðast leið mér bara vel í fótunum daginn eftir. Ég er frekar spæld yfir að hafa ekki verið búin að uppgötva flögurnar þegar ég var á fullu í fótbolta í Pepsi-deild kvenna á sínum tíma. Það er klárt mál að magnesíum-flögurnar hefðu getað hjálpað mér að halda fótunum ferskum þegar álagið var sem mest. Ég mæli eindregið með magnesíum-flögum í baðið eftir að búið er að taka vel á því og svo er BetterYou Magnesíum Sport-spreyið einnig mjög handhægt. Maður spreypjar því á sig fyrir og eftir æfingar," segir Elín Pálmadóttir, framkvæmdastjóri Bókhalds og kennslu ehf.



GOTT RÁÐ Magnesíum-flögur í baðið eftir æfingar og Magnesíum Sport-sprey flýttir fyrir endurheimt vöðva. Frábært í þróttatöskuna!

natures aid

20% afsláttur

Rauðrófu „extrakt“
leetroot 700mg

Engifer, Turmerik, Bromelain

Raspberry Ketones
400mg with Green Tea

Apótekarinn+
Lyf & heilsa



MAGNESÍUM

Fjöldmörg ensk úrvalsdeildarlið nota BetterYou Magnesíum-böð og -sprey eftir leiki og æfingar og eru leikmenn mun fljóttari að ná upp styrk og vöðvabata en eftir ísböð.

SÖLUSTAÐIR

Lyf og heilsa, Lyfja, Heilsuhúsið, flest apótek, Fjarðarkaup, Heilsutorg Blómavals, Hagkaup, Systrasamlagið, Þín verslun Seljabraut og fleiri útsölastaðir. Frekari upplýsingar á www.gengurvel.is

Gæði og góð þjónusta í 80 ár!

20% AFSLÁTTUR

GRAM

FÖNIX

FÖNIX Raðgjafverslun • Hálsi 6a, 105 Reykjavík • Síð 4420 • foenix@foenix.is • www.foenix.is

Lokasperttur útsölnunnar hafinn

50-70% afsláttur

Nú er tækifærið að eignast gæða merkjavöru á einstöku verði

Sumaryfirhafnir - Glæsikjólur - Buxur - Bolir - Peysur o.fl.

BERNHARD LAXDAL

Laugavegi 63 • S: 551 4422

www.laxdal.is

Vertu vinur á Facebook

Glæsileg útsala

Enn meiri verðlækkun

40 - 80% afsláttur

Opið virka daga kl. 11-18
Opið laugardaga kl. 11 - 15

black pepper
FASHION

Laugavegi 178 | Sími 555 1516 Kíkið á myndir og verð á Facebook

Ofurfæða úr hafinu

“Ein næringarikasta ofurfæða á jörðinni samkvæmt David Wolfe heilsusérfræðingi”

MARINE PHYTOPLANKTON

auk Spirulina og Chlorella

- Ein hreinasta næring sem fyrirlinnar á jörðinni
- Oft kallað “Gimsteinn hafinsins”
- Framleiðir meira en 50% af súrefni jarðar
- Grunn uppspretta af Omega 3 (EPA og DHA)
- Margfaldar orku líkamans
- Jafnar pH gildi líkamans
- DNA eldsneyti



Marine Phytoplankton er sjávar svifþörungur sem lifað hefur í höfum um alla jörð í milljarða ára. Svifþörungurinn ferðast um hafid, framleiðir meira en 50% af súrefni jarðar og býr þar með til aðstæður fyrir nánast allt líf á jörðinni. Þar sem svifþörungurinn er að finna þrífst alltaf líf.

“Mögulega mikilvægasta lífvera jarðar samkvæmt NASA”

Uppruni allrar fæðu

Fáanlegt í nær öllum apótekum landsins, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetið, Lifandi Markaður, Heilsuver, Heilsuhornid Blómaval, Heilsulausn.is og Heimkaup



LÍÐUR BETUR Kolbrún breytti lífsstíl sínum umtalsvert fyrir fimm árum og líður mun betur í dag.

MYND/RAGNA KRISTINSDÓTTIR

BETRA MATARÆÐI

BÆTTUR LÍFSSTÍLL Kolbrún Jónsdóttir breytti lífsstíl sínum til hins betra fyrir fimm árum. Hún gefur hér tvær hollar og góðar uppskriftir.

Kolbrún Jónsdóttir, þroskaþjálfari og einkaþjálfari, tók meðvitaða ákvörðun um að breyta lífsstíl sínum til hins betra árið 2010. Hún byrjaði að stunda líkamsrækt og breytti mataræðinu með hjálp einkaþjálfara. „Ég var í kjörþyngd fram að tvítugu en þá hófst baráttan. Ég varð ólétt að mínu fyrsta barni og bætti á mig rúmlega tuttugu kílóum á meðgöngunni. Í stað þess að léttast eftir meðgönguna hélt ég áfram að þyngjast sökum þess að ég réð ekkert við breyttar aðstæður og svefnleysi. Kók, skyndibitar, sælgæti og snakk urðu bestu vinir mínir og vigtin fór stöðugt upp á við,“ lýsir Kolbrún.

VINNUR Í MÁLUNUM Á HVERJUM DEGI

Hún segir að botninum hafi verið náð fyrir fimm árum, þá notaði hún fátastærð númer 26, var alltaf þreytt, var með alltof háan blóðþrýsting sem var meðhöndlaður með lyfjum, uppþembd alla daga og með verki í maga auk þess sem andleg liðan var skelfileg. „Ég hafði oft reynt að grenna mig með skyndilausnum en alltaf bætti ég því á mig aftur og meira til. Ég var komin algerlega út í horn og ýtti vandamálinu alltaf til hliðar með því að telja sjálfri mér trú um að það væri í lagi að borða nógu mikið í dag, því ég skyldi taka á því á morgun ... en morgundagurinn rann aldrei upp. Árið 2010 varð mikið umbreytingarár í mínu lífi. Þegar komið var fram á haust tók ég ákvörðun um að gera kúvendingu á lífsstíl og tækla vandamálin sem höfðu herjað á mig í meira en fimmtán ár. Ákvörðunina tók ég eftir að ég hafði farið í ferðalag til útlanda og ekki náð að spenna á mig beltið í flugvélinni, það náði ekki utan um mig. Ég þorði ekki að segja neinum frá því og flaug því án þess að vera með beltið spennt,“ segir Kolbrún. Hún bætir við að hún sé enn að vinna í sínu ferðalagi alla daga. „Þú kinn á öxlinni fer í rökræðukeppni við mig alla daga en ég sigra hann í dag, allavega svona oftast.“

Kolbrún skrifar um ferðalag sitt að betri heilsu og deilir hollum uppskriftum á bloggi sínu, Lífsstíllinn minn. Hún gefur hér tvær hollar uppskriftir, annars vegar að hráköku og hins vegar að brauði úr blómkálsgrjónum.



KÍNÓA-KAKA

- 2 dl saxaðar döðlur
- 1 dl saxaðar apríkósur
- 1 dl rúsínur
- 1 tsk. vanilluduft (vanilludropar)
- 1 tsk. kanill
- 7 dl eplasafi
- 2 dl kínóa

Allt sett í pott, látið malla í 20 til 30 mínútur við vægan hita eða þar til vökvinn er gufaður upp. Þjappað í það form sem á að bera kókuna fram í. Kakan er kæld og rjómi settur ofan á (ég nota vanilluhrisgrjónarjóma), skreytt með berjum.

BRAUÐ AÐ HÆTTI KOLBRÚNAR

- Brauðið**
- 4 msk. blómkálsgrjón (sjá uppskrift)
- 1 msk Husk
- 2 msk. rifinn pamesanostur
- 1 egg
- Hvítlaukur

Sett á bökunarpappír sem er búið að sprejja með PAM-spreyi (olíu) og mótaðar samlokur með fingrunum. Bakað þar til gyllt og falllegt.

Áleggjð sett á, grænt pestó, avókadó, kjúklingur og tómatar.

Sett í smá stund í George Forman-grill.

Blómkálsgrjón

1 blómkálshaus, stílkar teknir í burtu, sett í matvinnsluvél og búin til grjón. Soðið í um þrjár mínútur, kælt og allt vatn tekið af grjónunum. Geymist í ísskáp í eina viku.

GIRNILEG Kínóa-kakan lítur vel út. [AÐSEND MYND](#)



HOLLT OG GOTT Meginuppistaðan í brauði Kolbrúnar eru blómkálsgrjón sem hún býr til sjálf. [AÐSEND MYND](#)

FÉKKSTU EKKI BLAÐIÐ Í MORGUN? KOM ÞAÐ OF SEINT?

Vinsamlegast láttu vita í gjaldfrjálst númer **800 1177** eða á dreifing@postdreifing.is

Post dreifing

Hjálpaðu okkur að bæta þjónustuna.

Blaðið á að berast þér fyrir kl. 7:15 virka morgna og 8:15 á laugardögum

FRÉTTABLAÐIÐ

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



EKKI ENDI-LEGA HOLLARI

Flestir telja að jógúrtis sé hollari en venjulegur ís en bandarískar rannsóknir sýna að jógúrtis inniheldur meiri sykur. Jógúrtis er búinn til úr jógúrti sem allir eru sammála um að er hollt, en við frystingu deyja góðu jógúrtgerlarnir og eftir sitja bragðefni og sykur sem er notaður til að losna við súra jógurtbragðið. Mjólkur- og rjómais innihalda reyndar meiri fitu en sú fita er ekki endilega slæm þar sem fitan veldur seddutilfinningu og þá eru minni skammtar borðaðir. Sumir halda að af því af jógúrtisinn er „hollari“ sé óhætt að borða meira af honum en af ofangreindu má ráða að það er ekki endilega rétt.

HOLLT MANGÓ

■ HOLLT OG GOTT

Mangó-ávöxtur fæst árið um kring en hann er einstaklega hollur og góður. Hægt er að nota mangó á margvíslegan hátt. Það er sérlega gott í ýmsa hollustudrykki, í eftirrétti, kjúklingarétti og út í salatið. Vítamín og trefjar í mangó hjálpa til við að minnka kólesteról í líkamanum. Mangó hefur áhrif á húðina og gerir hana frísklegri. Ensím sem finnast í mangói hafa áhrif á meltingu og brennslu. Veljið mangó sem er örliðið farið að mýkjast því þá er það best.




SALAT MEÐ VATNSMELÓNU

■ LÉTT OG GOTT

Vatnsmelóna og fetaostur passa einstaklega vel saman auk þess að vera létt í maga. Þetta er sumarlegt salat.

1 vatnsmelóna
200 g fetaostur
1 rauðlaukur
3 msk. fræblanda
3 msk. olífuolía
1 msk. fljótandi hungang
Safi úr einni límónu
Salt og nýmalaður pipar
2 msk. smátt skorin mint
Skerið melónuna í bita og laukinn í sneiðar. Leggið á disk og dreifið ostinum yfir. Blandið saman olíu, límónusafa, salti og pipar í skál. Ristið fræblönduna á pönnu og setjið út í salatið. Olían fer síðan yfir salatið ásamt mintunni í lokin.



GOTT FYRIR MAGANN

Ef þú hefur oft ónot í maganum, loft eða uppþembu, þarf að gæta að mataræðinu. Margir finna fyrir ýmsum óþægindum í maga sem getur látið ófriðlega og látið í sér heyra. Það finnst engum þægilegt. Sumir telja að kúamjólk, sykur eða hveiti séu orsakavaldar. Hér eru nokkrar fæðutegundir sem gætu hjálpað í baráttunni við viðkvæman maga.

Trefjar geta hjálpað þeim sem eru með þessi óþægindi. Möndlur og hnetur eru ríkar af E-vítamíni og magnesíum. Þær eru góðar fyrir magann. Bananar eru sömuleiðis trefjaríkir og henta vel í maga. Þá má nefna gulrætur, hafragraut, ferskan engifer, epli, ab-mjólk, grænt te, gróft brauð og grænmeti.



nettoline

HÁGÆÐA DANSKAR

ELDHÚSINNRETTINGAR



FJÖLBREYTT ÚRVAL AF HURÐUM, FRAMHLIÐUM, KLÆÐNINGUM OG EININGUM

ÞITT ER VALIÐ

Þú velur að kaupa innréttinguna í ósamsettu einingum, eða lætur okkur um samsetninguna. Að sjálfsögðu önnumst við líka uppsetningu og endanlegan frágang fyrir þá sem þess óska – fullkomin þjónusta, eigið verkstæði.



STYRKUR - ENDING - GÆÐI

VIÐ HÖNNUM OG TEIKNUM FYRIR ÞIG

Komdu með eða sendu okkur málin af eldhúsinu, baðinu, þvottahúsinu, anddyrinu eða svefnherberginu - og við hönnum, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð í glæsilega danska innréttingu í hæsta gæðaflokki og vönduð raftæki á vægu verði.

Opið:

Mán. - fim. kl. 09-18

Föstud. kl. 09-17

Lokað á laugardögum í sumar



Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500 • friform.is



Femarelle®

*Staðfest með
rannsóknum sl. 14 ára -
vinnur á einkennum
tíðahvarfa kvenna.*

*Inniheldur staðlað tofu
extract, ekki erfðabreytt
(GMO frítt)
Náttúruleg lausn fyrir
konur án hormóna.*



FLENSA Það er ekki spurning að fá sér volgt sítrónuvatn ef kvef eða aðrar pestir sækja á.

SJÚKLEGA HOLLT SÍTRÓNUVATN

HEILSUBÆTANDI Heitt sítrónuvatn getur komið í veg fyrir fjölmarga kvilla og er almennt talið með því betra sem hægt er að láta ofan í sig á morgnana.

Það vita allir að heitt vatn með sítrónu er meina bót en það gæti komið á óvart hversu marga krankleika það bætir. Að drekka volgt sítrónuvatn hefur margvíslega heilsubót í för með sér. Sítrónusafi er auðugur að kalíum, andoxunarefnum, magnesíum, próteinum og bæði B- og C-vítamíni auk þess sem hann hefur góð áhrif á ónæmiskerfið. Þá hefur sítrónusafi einnig hreinsandi áhrif á líkamann ef hans er neytt á fastandi maga.

Ef þú drekkur heitt vatn með safi af hálfri sítrónu út í á hverjum morgni gæti það haft eftirfarandi góð áhrif:

Þyngdartap

Sítrónuvatn hefur jákvæð og jafnandi áhrif á blóðsykur og inniheldur pektín-hormón sem dregur úr matarlyst.

Ónæmiskerfið

Sítrónuvatn styrkir einnig eitlana sem eru grunnstoð í ónæmiskerfinu og getur einnig slegið á kvef og flensueinkenni.

Bólur

Sítrónuvatn stuðlar að jafnvægi í sýrustigi líkamans sem er eitt af því sem getur haldið bólunum í skefjum.

Meltingartruflanir

Sítrónuvatn hefur örvandi áhrif á



FALLEGT OG GOTT

Sítrónuvatn gerir fólki mjög gott.

meltinguna og getur því komið í veg fyrir hægðatregðu.

Nýrnasteinar

Sítrónur innihalda kalíum sem eykur magn sítrata í þvagi og kemur þannig í veg fyrir myndun nýrnasteina og hjálpar til að skola út þeim sem fyrir eru.

Bakflæði

Sítrónuvatn kemur að sömu notum og flest ólyfiseðilsskyld bakflæðilyf.

Bólgur

Sítrónur vinna gegn sýrni í líkamanum og hafa því bólgueyðandi áhrif.



GÓÐ HEILSA

Sagt er að sítrónuvatn hafi góð áhrif á harðsperrur.

Neglur

Sítrónuvatn getur virkað sem naglaherðir og hreinsar einnig upp hvítu blettina sem koma öðru hvoru á neglurnar.

Harðsperrur

Ekki gleyma sítrónuvatninu eftir langa og góða æfingu þar sem sítrónuvatn getur minnkað sársaukann í ofkeyrðum vöðvum.

Matareitrun

Sítrónuvatn getur komið í veg fyrir matareitrun með því að halda sýrustigi í maganum jöfnu.

EKKI GEYMA TÓMATA Í KÆLI

Melónur, ber og nýupptekið grænmeti tilheyra sumrinu. Hér eru nokkur ráð til að halda þessum afurðum sem ferskustum og bestum.

Skolið melónur áður en þær eru skornar niður. Annars er hættu á að óhreinindi og bakteríur berist inn í aldinkjötið.

Ekki geyma tómata í kæli. Kuldinn eyðileggur áferð þeirra og dregur úr bragðgæðum. Það sama á við um ferskjur. Þær ætti að geyma við stofuhita nema þær séu orðnar mjög þroskaðar.

Ekki þvo ber fyrr en rétt áður en þau eru borin fram. Ef þau eru skoluð og sett í kæli verða þau maukennnd.

Það er ekki gott að geyma ferska



GEYMIST VIÐ STOFUHITA

Kuldinn eyðileggur áferð tómata og dregur úr bragðgæðum.

maískólfa of lengi. Best er að borða þá daginn sem þeir eru keyptir inn. Þeir geymast í mesta lagi í einn til tvo daga.

Nýuppteknar gulrætur, rófur,



MUNA AÐ SKOLA

Það er mikilvægt að skola melónur áður en þær eru skornar niður til að draga úr líkum á því að óhreinindi og bakteríur berist inn í aldinkjötið.

fennikur og næpur eru með grænum stilkum. Ekki henda þeim. Þá má skera niður og nota út í salat.





Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Stefán Már Stefánsson sölufulltrúi
Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali
Ásdís Irena Sigurðardóttir skjalagerð
Brynjólfur Snorrason sölufulltrúi
Karen Sævarsdóttir MBA markaðsfræði
Gunnlaugur A. Björnsson sölufulltrúi
Hjálmar Már Kristinsson sölufulltrúi



Finndu okkur á Facebook

530 6500

